

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Samantekt úrskurða 2001

Mál nr. 7/2001

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ A
og
Vátryggingafélagið Y v/ B.**

Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi, við Ingólfshvol í Ölfusi þann 13.10.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.1.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla ásamt vettvangsupprætti, viðbótarskýrslum og ljósmyndum.
4. Umsögn v/ tjóns á hestakerru, dags. 27.10.2000.
5. Skoðunarskýrsla v/ tjóns á A og hestakerru, dags. 14.11.2000.
6. Bréf Ó hrl., dags. 30.10.2000 og 24.1.2001 (málskot).
7. Bréf K hrl., dags. 16.1.2001.
8. Bréf Y, dags. 1. og 28.11.2000 og 29.1.2001.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Suðurlandsveg. Á móts við afleggjara að Ingólfshvoli var B ekið vinstra megin fram úr A, en í sömu andrá var A beygt til vinstri áleiðis inn á afleggjarann. Rákust saman vinstra framhorn A og vinstri hlið B. B hafnaði utan vegar að suðvestanverðu og valt. Mikið tjón er sagt hafa orðið á báðum bifreiðum og þær voru óökufærar. A dró hestakerru í umrætt sinn. Í lögregluskýrslu segir að kerran hafi verið allstór, yfirbyggð og þar af leiðandi hafi ljós ekki sést á bifreið sem hana dregur. Við athugun lögreglu á ljósabúnaði kerrunnar eftir áreksturinn kom í ljós að engin ljós kviknuðu aftan á henni. Þegar áreksturinn varð var myrkur og rigning og blautt færi. Hámarkshraði á veginum er 90 km á klst. Biðskylda hvíldi á afleggjaranum að Ingólfshvoli gagnvart umferð á Suðurlandsvegi. Samkvæmt vettvangsupprætti var umferð á Suðurlandsvegi í gagnstæðar áttir aðskilin með hálfbrotinni línu að norðanverðu við hliðina á heilli línu að sunnanverðu.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á hægri ferð og ætlað að beygja til vinstri að Ingólfshvoli. Hann hafi gefið stefnumerki til vinstri og síðan byrjað að beygja, en þá hafi B komið fram með A og árekstur orðið. Ökumaðurinn kvað ljós á kerrunni hafa veri í lagi, er hann hafi farið af stað með kerruna.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 90-100 km hraða á klst. Rétt áður en áreksturinn varð hafi hann ekið fram úr annarri bifreið (hér eftir nefnd C). Er hann hafi verið kominn fram úr C hafi hann séð hestakerruna, sem A dró, ljóslausa rétt framundan. Hann hafi því sveigt til vinstri og ekið vinstra megin fram með kerrunni, en þá hafi A verið beygt og árekstur orðið.

Ökumaður C kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. vestur Suðurlandsveg. Á móts við Kögunarhól hafi B verið ekið fram úr og hafi henni verið ekið áfram til vesturs á svipuðum hraða og C, en heldur dregið hægt í sundur með bifreiðunum. Þegar ökumaðurinn hafi verið að nálgast Ingólfshvol hafi B verið í u.þ.b. 300 m fjarlægð. Hann hafi þá veitt því athygli að hemlaljós B hafi logað og síðan hafi bifreiðin horfið honum sjónum. Skyndilega hafi hann séð hvar framundan hafi verið kerra á veginum. Hann hafi snögghemlað og sveigt bifreið sinni til hægri fram hjá kerrunni til að afstýra árekstri við hana. Vitnið kvað ljósabúnað hafa verið á kerrunni, en engin ljós hafi logað á henni. Hann hafi einungis séð glitaugu þegar hann hafi ekið að hestakerrunni.

Eitt vitni, sem kom á vettvang skömmu eftir áreksturinn, bar að ökuljós A hafi þá verið kveikt og stefnuljós hafi einnig logað á bifreiðinni. Full ljós hafi verið á hestakerrunni.

Annað vitni kvaðst einnig hafa komið á vettvang eftir áreksturinn. Hann hafi skoðað hestakerruna og séð að rafmagnssnúra á beislinu hafi nánast verið í sundur, þar sem hún hafi klemmst á milli höggvara A og beislisins. Hann hafi prófað stefnuljós á kerrunni og hafi þau einungis logað til hægri.

Þriðja vitnið kvaðst hafa ekið á eftir A á Austurvegi á Selfossi og hafi hún dregið hestakerru. Ljós hafi þá logað á kerrunni. Vitnið kvaðst skömmu síðar hafa ekið fram úr A á Austurvegi og haldið áfram leiðar sinnar vestur Suðurlandsveg.

Fjórdða vitnið kvaðst hafa verið á Selfossi þó nokkru áður en áreksturinn varð og þá hafi B verið ekið í veg fyrir sig. Hafi vitnið fylgt B eftir vestur fyrir Selfoss á 90 km hraða á klst., en þrátt fyrir það hafi bifreiðin horfið sjónum.

Álit.

Ökumaður A beygði bifreið sinni til vinstri í sömu andrá og B var ekið fram úr henni. Hann virðist ekki hafa vitað af ferðum B fyrr en áreksturinn varð. Ekki verður af fyrirliggjandi gögnum talið nægilega sannað að afturljós á hestakerrunni, sem A dró, hafi verið biluð eða þau ekki logað áður en áreksturinn varð. Á hinn bóginn verður ekki talið að ökumaður A hafi tímanlega gefið fyrirhugaða beygju til kynna með stefnumerkjum eins og honum bar skv. 2. og 4. mgr. 31. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá hefur hann ekki gengið úr skugga um að hann hafi mátt beygja án hættu fyrir aðra eða gefið umferð á eftir sér nægilegan gaum áður en hann beygði, sbr. 2. mgr. 15. gr. ufl. Telst ökumaður A eiga meginsök á árekstrinum. Þótt ökumaður B hafði nokkru áður ekið fram úr annarri bifreið (C) verður ekki séð að það verði virt honum sérstaklega til sakar er hann hugðist aka fram úr A. Hins vegar gaf ökumaðurinn ekki fyrirhugaðan framúrakstur til kynna t.d. með hljóðmerki. Þá ók hann a.m.k. á hámarkshraða þrátt fyrir myrkur og regn. Með þessu sýndi ökumaðurinn ekki þá varúð sem af honum mátti krefjast miðað við þær aðstæður sem þarna voru. Á hann einnig nokkra sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber 2/3 hluta sakar á ökumann A og 1/3 hluta sakar á ökumann B.

Reykjavík, 6. febrúar 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2001

**Húsfélag (M)
Vátryggingafélagið (V) v. húseigendatryggingar**

Tilraun til innbrots og eyðilegging á útstöð dyrasíma þ. 26.8.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.1.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1090/2000.
3. Bréf V dags. 25.9. 2000 og 5.2.2001.

Málsatvik.

Þ. 26.8.2001 var gerð tilraun til innbrots í húseign í Garðabæ og þá var útstöð dyrasíma hússins eyðilögð. Gera átti við útstöðina en þá kom í ljós að hætt var að framleiða svona útstöðvar og var því sett ný útstöð og greiddi V fyrir það en ekki fyrir uppsetningu á nýjum innstöðvum og telur V það ekki vera á ábyrgði félagsins. M gerir þá kröfu að V bæti útstöðina og símtækin inni og uppsetningu þeirra í öllum íbúðum hússins. M segir að dyrasímakerfið sé 15 ára og hafi verið í góðu lagi þegar það var eyðilagt og gerir M þá kröfu að V bæti allt tjónið á útstöðinni og vegna uppsetningu nýrra innstöðva. V bendir á að einungis hafi verið um skemmdir á útstöðinni að ræða en ekki innistöðvum og skv. tryggingarskilmálum þá bæti vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign og hafi V því bætt M tjónið með því að bæta það sem var skemmt þ.e. útstöðina. Þá bendir V á að greiðsluskylda félagsins nái ekki til að endurnýja 15 ára gamalt dyrasímakerfi þar sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði verið hægt að lagfæra útstöð kerfisins með eðlilegum kostnaði. Þá bendir V á að verði á það fallist með M að V beri að bæta tjón á útstöðvum og auk þess fylgigtjón á innistöðvum verði tjónið réttilega gert upp með vísan til 37.gr. 1. um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og því greiddar bætur fyrir dyrasímakerfið í því ástandi sem það var.

Álit.

Fyrir liggur að ekki var hægt að gera við útstöð þá sem eyðilögð var og varð því að kaupa nýja útstöð en þar með urðu innistöðvarnar ónýtar og þurfti því að kaupa viðeigandi innistöðvar sem fylgdu nýja kerfinu sem óhjákvæmilegt var að setja upp skv. mati beggja aðila. Miðað við þessar aðstæður bar því nauðsyn til að skipta um innstöðvarnar sem afleiðingu af þeim bótaskylda verknaði sem hér ræðir um. Af vátryggingaskilmálum þeim sem eiga við um mál þetta verður ekki séð að V undanskilji með einum eða öðrum hætti afleitt tjón eins og það sem hér ræðir um. Af þeim sökum ber V að bæta M heildartjónið sem hér ræðir um þ.e. nýja útstöð og innstöðvar. Í bréfi V frá 5.2. s.l. er vísað til uppgjorsreglna og af þeim sökum skal á það bent að skv. 2. mgr. 3. gr. samþykka fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila sem ekki liggur fyrir í máli þessu.

Niðurstaða.

V ber að bæta M bæði tjón á útstöð og vegna kaupa og uppsetningar á nýjum innstöðvum.

Reykjavík 20.2. 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2001

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar verktaka (B)**

Vinnuslys þann 10.05. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.01. 2001.
2. Málskjöl, sem hjálaga fylgdu málskotinu, númer 1 – 15 þ. á m. skýrslur lögreglu, afrit ljósmynda, gögn frá Vinnueftirliti ríkisins og verksamningur.
3. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar dags. 01.02. 2001 þar sem hjálaga fylgdu ljósmyndir, sniðmynd dags. 31.01. 2001, bréf milli starfsmanna sveitarfélagsins dags. 25.01. 2001, tölvupóstssamskipti félagsins og starfsmanns sveitarfélagsins dags. 10.01. 2001 og bréf félagsins til starfsmanns A dags. 27.10. 2000 og litprentaðar myndir af vettvangi dags. 10.05. 1999.
4. Tölvupóstur vátryggingafélags Y til nefndarinnar dags. 07.02. 2001.
5. Svör B til vátryggingafélags Y við bréfi dags. 30.08. 2000.
6. Bréf Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum til vátryggingafélags A dags. 20.02. 2001, þar sem viðbótarupplýsinga var óskað. Afrit sent lögmanni málskotsaðila með bréfi dags. sama dag.
7. Viðbrögð A og vátryggingafélags A sem getið er í tölvupósti þann 27.02. 2001.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 13/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa ítarlega um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Slysið átti sér stað þegar tjónþoli, sem var verkamaður í starfi hjá verktakanum B, var að vinna í 3ja metra breiðum og 2,6 metra drjúpum skurði fyrir drenlagn, sem B hafði tekið að sér að leggja í kringum fasteignin í eigu A, sem var verkkaupi. Varð slysið með þeim hætti að tjónþolinn M, var að hreinsa grjót o.þ.h. frá húsveggnum og úr skurðinum, m.a. undan u.þ.b. 5-7 tonna steinsteyptum stökk, sem féll skyndilega fram og ofan á M, þannig að hann hlaut alvarlega áverka. Eftir slysið kom í ljós að umræddur stökkur var ekki jámbundinn við húsið. Álitaefnið er m.a. hvort það hafi verið fyrirsjáanlegt fyrir slysið.

Vátryggingafélag A vísar til þess að samkvæmt skýrslu Vinnueftirlits ríkisins þá virðist einkum mega rekja orsök slyssins til ófullnægjandi frágangs á gluggaþrónni, sem M gat ekki varast. Félagið telur ekki ljóst hvers vegna stökkurinn féll frá húsinu en ljóst sé að búíð var að grafa jarðveg alveg frá honum. Megi leiða að því líkur að titringur frá skurðgröfu sem notuð var við vinnu á skurðinum skammt frá kunnri að hafa haft áhrif á að þessu leyti og jafnframt að flái skurðarbakka undir stökknum hafi ekki verið nægjanlegur. Félagið hafnar skaðabótaskyldu fh. vátryggingartakans A, m.a. þar sem ósannað sé að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna hans, vanbúnaðar fasteignarinnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Það telur ekkert koma fram í gögnum málsins sem bendi til þess að A hafi haft eða mátt vita um að umræddur stökkur væri ekki fasttengdur húsinu. Það vísar til þess að A hafi eignast húsið 1942 og að fullvíst megi telja að stökkurinn hafi þá þegar verið til staðar, en hann kemur þó ekki fram á eldri teikningum. Félagið telur að ábyrgð verði ekki reist á því að A hafi borið að upplýsa um þennan frágang, “enda hafi mátt ætla að verktaki myndi grípa til viðeigandi varúðarráðstafana í ljósi fagþekkingar sinnar sbr. einnig ákvæði verksamnings. Ábyrgð verði ekki lögð á A á hlutlægum grundvelli þar sem ósannað sé að um ágalla hafi verið að ræða á fasteign hans. “Leiki reyndar einnig nokkur vafi á því að byggja slíka niðurstöðu á meginreglum laga eða lögjöfnum til 51. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, enda leiðir slík lögjöfnun heldur ekki

sjálfkrafa til ábyrgðar í þessu tilviki þar sem hvorki er um að ræða bilun á búnaði eða lögnum.” Félagið bendir og á að ekki verði fullyrt að það teljist ágalli á fasteign að niðurgrafin stokkur sé ekki járnbundinn við húsvegg, enda tjónshætta almennt engin af þeim völdum. Hvíllur allur halli á sönnunarskorti um ábyrgð vátryggingartaka og grundvöll hennar á tjónþola.” Félagið telur að starfsmenn B hafi unnið verk sín án þess að athugað væri fyrirfram hvort hætta stafaði af honum og án þess að gripið hafi verið til viðeigandi varúðarráðstafana. Það telur að starfsmönnum B hafi verið gert að vinna við óforsvaranlegar aðstæður að þessu leyti og að skaðabótaábyrgð verði að öllu leyti felld á vinnuveitanda M þ.e. B. Varhugavert hafi verið að láta M, sem aðeins hafi starfað hjá fyrirtækinu í 2 daga, vinna án eftirlits við svo varhugaverðar aðstæður, en verkstjóri hafði brugðið sér frá.” Félagið vísar og til framlagðra reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustöðum og leiðbeiningar um öryggi við skurðgröft og gryfjur. Verkkaupi verði ekki gerður ábyrgur vegna tjóns af völdum saknæmrar háttsemi verktaka á hans vegum skv. íslenskum skaðabótarétti.

A staðhæfir í svari til nefndarinnar, 27.02. sl., að starfsmönnum A hafi ekki verið kunnugt um að nokkuð hafi verið átt við umrædda þró og eru vissir um að svo sé a.m.k. frá árinu 1983. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um “bendingu í þrónni né heldur hvenær hún hefur verið steyppt.”

Vátryggingafélag B vísar til þess, að við skoðun á vettvangi í byrjun verks hafi ekkert komið fram sem gefið hafi tilefni til að ætla að veggir hússins væru varhugaverðir með tilliti til þess að grafa frá þeim. B hafi ekki fengið aðvaranir þess efnis. Það vekur athygli á því að B er lítið jarðvinnufyrirtæki sem hafi ekki sérfræðipækkingu á sviði byggingarframkvæmda. Eftirlitsmaður verkkaupa hafi ekki gert athugasemdir við skurðstæði, dýpt skurðar eða nálægð við hús og þró. Ekkert hafi gefið tilefni til að ætla annað en að þróin (stokkurinn) hafi verið fastur hluti af aðalbyggingunni. “Fallið á þrónni hafi komið mönnum algerlega í opna skjöldu.” Félagið og B telja að sakargrundvöll skorti fyrir ábyrgð B. Það telur að gera verði þá kröfu til eigenda gamalla húsa að þeir kanni gerð og burðarþol húss, með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda. Sérfræðipækkingin hafi verið til staðar hjá starfsmönnum A í máli þessu. Félagið vísar og til lítils umfangs verksins og að “fráleitt sé að halda því fram að verktaki, sem gerir verksamning við verkkaupa, beri fyrir það eitt ábyrgð á öllum hugsanlegum atvikum, sem upp geta komið.” Félagið telur að samkvæmt almennum reglum og IST-30 geti verkkaupi orðið skaðabótaskyldur gangvart verktaka og öðrum sem að verki koma. Tilviki þessu megi jafna til þess að einstakir hlutar hússins, þak, veggir eða gólf hafi hrundið og valdið tjóni.” Ástæða þess að þróin féll geti verið að engar festingar hafi verið fyrir hendi eða að þær hafi upphaflega verið fyrir hendi en tærst í sundur. Félagið vísar og til þess að engin rannsókn hafi farið fram á því hvers vegna þróin hrundi. Ljóst sé og að viðhaldi hússins hafi verið óbótavant.

M telur að A og B beri solidaríska ábyrgð í málinu. A hvort heldur sem er á grundvelli sakar eða á hlutlægum grundvelli, A beri ábyrgð á því að frágangur þróarinnar hafi ekki verið eðlilegur, hún hafi ekki verið tengd húsinu með tengijárnnum sem rétt hefði verið. Hér sé um galla að ræða sem eigandi húsnæðisins beri ábyrgð á, á hlutlægum grundvelli. Hann telur að A hafi borið að upplýsa B um frágang þróarinnar. Hann telur að B beri ábyrgð á grundvelli sakar. B sé sérfræðifyrirtæki á sviði byggingarframkvæmda. B hafi borið að ganga úr skugga um að aðstæður á vettvangi væru öruggar og fyrirbyggja með öllum ráðum að slys gæti orðið með þeim hætti sem raun varð á, með því að gera viðeigandi öryggisráðstafanir við uppgröftinn sbr. m.a. ákvæði 27. gr. IV. Kafla viðauka við reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Hann telur að leggja verði þá skyldu á B að afla upplýsinga og kanna með nákvæmum hætti hvort óhætt væri að grafa frá þrónni og hlutast til um að grípa til öryggisráðstafana til varnar þeim sem væru við störf í skurðinum. Athafnaleysi B hafi leitt til þess að vinnuaðstæður voru óforsvaranlegar og því beri B ábyrgð á grundvelli sakar. Hann vísar að öðru leyti til fyrirliggjandi gagnna, einkum frá Vinnueftirliti ríkisins.

Álit.

Nefndin telur að tjónsatburð þennan megi fyrst og fremst rekja til gáleysis B við uppgröftinn. Virðist hann ekki hafa gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Slysið verður rakið til þess

að of mikið var grafið frá þrónni (stokknum) þannig að hún féll niður í skurðinn. Það var óvarlegt af B (starfsmönnum hans) að gefa sér það að óhætt væri að grafa á þennan hátt frá þrónni. B er verktaki sem starfar við uppgröft sem þennan á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar og fyrirliggjandi verksamnings. Vegna þessa eru gerðar auknar kröfur til hans við framkvæmd vinnu sem þessarar. Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er fallist á að B beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir.

Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M, miðað við fyrirliggjandi gögn, vegna eigin sakar. Ekki er unnt að fallast á að sýnt hafi verið fram á sök A eða að unnt sé að leggja hlutlæga ábyrgð á A, vegna máls þessa.

Niðurstaða.

B ber ábyrgð á tjóni M.

Reykjavík 13. mars 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2001

M

og

Vátryggingafélagið (V) v/ ábyrgðartryggingar (R)

Slys þegar maður féll þegar hann missti tak á járnrás þ. 15.6.1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31.1.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1350/2000.
3. Lögregluskýrsla dags. 15.6.og 5.8.1998, 10.5., 9.6 og 14.6 1999.
4. Tilkynning um vinnuslys dags. 10.11.1998.
5. Skýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 15.6.1998 ásamt ljósmynd.
6. Bréf K dags. 5.3. og 25.3.1999 og 7.6. og 7.12.2000.
7. Bréf Vinnueftirlits ríkisins dags. 30.3.1999.
8. Yfirlýsing J dags. 25.11.1999.
9. Yfirlýsing X dags. 7.3.2000.
10. Bréf V dags. 7.11. og 12.12.2000 og 13.2.2001.

Málsatvik.

M segist hafa verið ásamt öðrum starfsmönnum R að gera jeppabifreið tilbúna til undirvagnspvotts og hafi bifreiðinni verið ekið upp á tvær járnrásir (sliskjur) sem liggja yfir búkka og velta um ás sem liggur fyrir miðju sliskjanna. Þegar jeppanum var ekið yfir búkkana breyttist þyngdarpunkturinn og sliskjurnar ultu yfir þannig að endi sliskjunnar sem ekið var upp á lyftist en sá endi hennar sem hæst stóð lagðist í jörðu. M segist hafa stutt við vinstri sliskjuna og þegar þær ultu yfir hafi hann verið óviðbúinn og sleppti ekki takinu á sliskjunni og hafi lyftst nokkuð snögg frá jörðu og sleppt takinu og féll nokkuð illa niður á vinstra fót með þeim afleiðingum að hann varð óvinnufær um nokkurt skeið. M segir að hann hafi í þetta sinn farið að við vinnu sína eins og honum hafi verið kennt að gera og hafi vinnuveitandi vitað um þessa starfsvenju. Aðspurður um hvort hann eða aðrir starfsmenn hjá R hafi gert sér það að leik að hanga í sliskjunum viljandi svarar M því til að hann geti ekki svarað fyrir aðra en sjálfur hafi hann ekki gert það og í umrætt sinn hafi hann verið þreyttur og ekki leikur í huga. Framkvæmdastjóri R segir að M hafi átt að aðstoða við að færa sliskjuna til svo að breiddin passaði fyrir bílinn og segja til svo að ekki yrði ekið út af sliskjunni að öðru leyti tekur framkvæmdastjórinn fram að hann hafi margbeðið strákana að vera ekki að leika sér að því að hanga í sliskjunni. Sonur framkvæmdastjóra R sem ók bifreiðinni upp á sliskjurnar í umrætt sinn segir í skýrslu sinni hjá lögreglu að M hafi verið honum til aðstoðar með að leiðbeina með framhjólíð þegar ekið væri upp á sliskjuna svo að hann æki ekki út af og hafi hann ekið mjög hægt og þegar bifreiðin hafi verið komin það langt að sliskjan sporðreisist hafi M gripið í hana og látið hana lyfta sér upp um 3 fet og síðan hafi M sleppt og komið standandi niður og fallið síðan í götuna. Aðspurður um það hvernig aðstoðarmaður hafi átt að aðstoða við akstur upp á sliskjuna segir sonur framkvæmdastjóra R að bílarnir séu mismunandi breiðir og eigi aðstoðarmaður að færa til sliskjunnar svo þær passi og segja til svo ekki yrði ekið út af sliskjunni en annars hafi hann sjálfur venjulegast verið einn við þetta verk og aðstoðarmaðurinn eigi ekki að halda við sliskjuna til að fiinna jafnvægispunktinn enda enginn tilgangur í því þar sem bílarnir séu það þungir að einn maður ráði ekkert við að halda sliskjunni sem eigi hvort heldur er að sporðreisast. Starfsmaður R sem M segir að hafi sagt sér til þegar hann byrjaði að vinna hjá R bar hjá lögreglu að meðeigandi framkvæmdastjóra R hafi sagt sér til um það með hvaða hætti ætti að leiðbeina þegar ekið væri upp á sliskjuna en það hafi verið gert með þeim hætti að sá sem ók hafi átt að stöðva við jafnvægispunktinn, þá fara aðeins yfir hann en ekki meir en svo að einn maður gæti dregið bílinn yfir aftur þannig að bíllinn gæti runnið til baka, en þetta hafi verið gert til að ekki þyrfti að trufla þá sem voru að vinna inni í sal og fá þá til að draga sliskjuna niður svo bíllinn rynni til baka. Starfsmaðurinn segir það ekki rétt hjá framkvæmdastjóra R að hann hafi verið búinn að banna starfsmönnum

að hanga í sliskjunni þvert á móti hafi verið til þess ætlast að haldið yrði við sliskjuna til að finna jafnvægispunktinn.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að í umrætt sinn hafi sliskjan lyftst í um 1.80 metra hæð og orsök slyssins megi líklega rekja til að M hafi verið óviðbúinn hreyfingu sliskjunar í þessu tilfalli. Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að farið hafði verið fram á viðgerð á sliskjunum en slys það sem hér ræðir um sé þeirri viðgerð óviðkomandi þá hafi Vinnueftirlit ríkisins farið fram á það í kjölfar fyrra vinnuslys hjá R að enginn kæmi nálægt sliskjunum meðan bifreið væri ekið upp eða niður þær.

Í yfirlýsingu fyrrum meðeiganda að R segir að algeng starfsaðferð hafi verið að starfsmaður hafi staðið við hlið sliskjunnar og haldið í hana aftanverða til að finna jafnvægispunktinn. Í yfirlýsingu X f.h. R kemur fram að starfsmenn standi hvorki fyrir framan né aftan við sliskjunnar meðan bifreið sé ekið upp á enda sé þess engin þörf því að sliskjunnar séu þannig uppbyggðar að starfsmenn þurfi ekki að vera nálægt þeim.

V segir að aðstæður á slysstað hafi verið skoðaðar og gögn málsins. Niðurstaða V sé að slysið verði ekki rakið til atvika sem R beri skaðabótaábyrgð á heldur til gáleysis M sjálfs. V segir yfirlýsingu M um að hann hafi átt að halda sliskjunni og finna jafnvægispunktinn þegar bílnum var ekið upp á sliskjuna ekki rétta enda hafi slík vinnubrögð ekki haft neinn tilgang.

Af hálfu M er því haldið fram að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað, vinnubrögð sem starfsmönnum hafi verið uppálagt að viðhafa hafi skapað hættu og skort hafi á að starfsmönnum hafi verið leiðbeint um réttar starfsaðferðir. Þá er bent á ýmis gögn í málinu sem af hálfu M eru sögð sýna fram á réttmæti kröfu hans.

Álit.

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að Vinnueftirlitið hafi farið fram á það eftir slys sem varð á undan því sem M lenti í að enginn kæmi nálægt sliskjunum meðan ekið væri upp á þær. Ekki hefur verið sýnt fram á að R hafi ekki farið að tilmælum Vinnueftirlitsins. Þá verður ekki séð að nauðsyn hafi borið til að M hefði hönd á sliskjunni í umrætt sinn eða að það hafi þjónað nauðsynlegum tilgangi. Af þessum ástæðum einnig með vísan til eindreginnar neitunar framkvæmdastjóra R og sonar hans sem ók bifreið upp á sliskjuna í umrætt sinn telst ekki sannað að M hafi verið ætlað að standa að verki með þeim hætti sem hann gerði. Af framangreindu leiðir að slys M er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 13.3. 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2001

M

og

Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar R.

Vinnuslys 24. júní 1998.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31. janúar 2001.
2. Málsskjöl sem fylgdu málskotinu merkt nr. 1-15, þ.á m. lögregluskýrslur, bréfaskipti við tryggingafélag og yfirlýsingar.
3. Niðurstaða tjonanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 1349/2000.

Málsatvik.

Tjónþoli slasaðist við vinnu sína hjá R. Þegar slysið varð var verið að undirbúa bifreið fyrir undirvagnsþvott og ryðvörn. Hann lýsir málavöxtum svo að bifreið hafi verið ekið upp á sliskjur sem festar eru á búkka og notaðar vegna undirvagnsþvottar. Þegar bifreiðin var komin upp á sliskjuna hafi hann staðið við aftari enda sliskjunnar og haldið við enda hennar til að finna rétta jafnvægispunktinn svo unnt væri að velta sliskjunni fram og til baka við undirvagnsþvottinn. Bifreiðinni hafi verið ekið heldur of langt og því hafi þurft að bakka henni. Við það hafi tjónþoli orðið undir sliskjunni þar sem hann hélt undir enda hennar. Tjónþoli krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins og byggir kröfuna á því að slysið megi rekja til þess að aðstæður á slysstað hafi verið ófullnægjandi, vinnubrögð sem starfsmönnum var gert að viðhafa við sliskjuna hafi skapað hættu fyrir þann sem stóð við hana og skort hafi á að starfsmönnum hafi verið leiðbeint um réttar starfsaðferðir. Í lögregluskýrslu fullyrðir tjónþoli að það sé rangt að eigandi fyrirtækisins hafi verið búinn að banna mönnum að halda við sliskjuna er verið væri að aka upp hana. Þvert á móti fullyrðir tjónþoli að beinlínis hafi verið ætlast til þess að haldið væri við sliskjuna.

Ökumaður umræddrar bifreiðar var eigandi fyrirtækisins. Í lögregluskýrslu skýrir hann svo frá að hann hafi ekið rólega upp sliskjuna. Tjónþoli hafi staðið vinstra megin við sliskjuna og átt að leiðbeina honum við að stilla sliskjuna og aka upp á hana með því að segja honum til með framhjólun svo hann æki ekki út af henni. Er sliskjan sporðreistist kveðst hann hafa ætlað að bakka lítillaga aftur en lent aðeins aftur yfir jafnvægispunktinn með þeim afleiðingum að sliskjan sporðreistist. Hann heyrði þá óp frá tjónþola, leit út og sá hann sitjandi á götunni með fæturnar undir sliskjunni. Hann kveðst þá hafa strax ekið áfram þar til sliskjan sporðreistist aftur. Hann fullyrðir að það sé rangt hjá tjónþola að beinlínis hafi verið ætlast til þess að sá sem leiðbeindi við að aka upp á sliskjuna ætti að halda um hana og bendir á að bílarnir hafi slíkan þunga að ekki sé hægt að takast á við hann með handafli.

Sambærilegt slys hafði orðið nokkrum dögum áður í fyrirtækinu. Eftir það slys kom eftirlitsmaður frá Vinnueftirlitinu í fyrirtækið og gerði kröfu um að enginn kæmi nálægt sliskjunni meðan bifreið væri ekið upp eða niður eftir henni.

Tryggingafyrirtæki vinnuveitanda tjónþola telur að slysið verði ekki rakið til atvika sem vinnuveitandi beri skaðabótaábyrgð á heldur gáleysis tjónþola sjálfs.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að tjónþoli hafi ekki sýnt fram á að vinnuveitandi beri bótaábyrgð samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu. Ósönnuð er sú fullyrðing tjónþola að þau vinnubrögð sem hann viðhafði við sliskjuna hafi verið í samræmi við fyrirmæli vinnuveitanda og sú fullyrðing hans stangast á við framburð vinnuveitanda hjá lögreglu. Engin gögn hafa verið lög fram um það að aðstæður á slysstað hafi verið ófullnægjandi og að skort hafi á að starfsmönnum hafi verið leiðbeint um réttar starfsaðferðir. Virðist því mega rekja slysið til aðgæsluleysis tjónþola og hættulegra vinnubrögða sem hann

viðhafði. Gögn málsins benda til að vinnubrögð tjónþola hafi verið tilgangslaus og þvert á fyrirmæli. Bótaréttur samkvæmt ábyrgðartryggingu vinnuveitanda telst því ekki vera fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík, 13. mars 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2001

**(M) og
Vátryggingafélagið (V) v.(A)**

Ágreiningur um gildi húftryggingar (A) vegna slyss þ. 9.4.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.3.2.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1139/1999
3. Gögn með málskoti nr. 1-8
4. Bréf V dags. 15.3.2001.

Málsatvik.

Hópur manna var við vinnu í sumarbústað í nágrenni Borgarness og fór þangað síð degis til að fá sér að borða og fóru síðan í Sundlaug Borgarness. Eigandi A fól einum starfsfélaganum B að aka A til Borgarness og að sundstað þegar B var búinn í sundi tók hann A og lauk akstri B utan vegar nokkru fyrir utan Borgarness með þeim afleiðingum að hann andaðist og A eyðilagðist. B var undir áhrifum áfengis og reyndist magn etanóls í þvagi vera 1.75 prómill og í blóði 1.36 prómill. Lögregla hafði reynt að stöðva B nokkru áður í Borgarnesi vegna aksturslags hans en hann ekki sinnt stöðvunarmerkjum. Eigandi A segir að B hafi ekið A til Borgarness og verið með lykila A á sér og segist eigandi A hafa beðið B um að skila lyklunum og skilja þá eftir í fatnaði hans þar sem að þeir voru í sundi en B hafi farið úr sundi á undan hinum. Vitni segir að eigandi A hafi sagt þegar þeir hafi heyrt að A var ekið á brott frá sundstaðnum "fór hann á bílnum". Annað vitni segir eiganda A hafa sagt þegar hann kom út á bifreiðaplanið hjá sundstaðnum " hvar er bíllinn minn" og hafi þeir þá sagt að B hafi farið á honum og eigandinn þá sagt að hann hefði ekki haft neitt leyfi til þess og verið hálf illur vegna þessa. Vitnið segir að B hafi verið verulega ölvaður og verið búinn að drekka nokkra bjóra um daginn og síðan hafi hann drukkið á veitingastaðnum. Þriðja vitnið segir að þegar hann kom á bifreiðastæðið hafi hann séð B undir stýri á A og hafi vélin verið í gangi og hafi B kallað til sín að hann ætli að fara aftur á veitingastaðinn. Þeim sem skýrslur gefa hjá lögreglu og geta um það borið segja að B hafi a.m.k. drukkið áfengi á veitingastaðnum sem farið var á í Borgarnesi áður en hópurinn fór í sund.

V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að V telji að veðhafar séu ekki vátryggðir nema um það sé sérstaklega samið. Þá telur V að eiganda A hafi verið kunnugt um ölvun B og því hafi það verið stórkostlegt gáleysi að fela honum stjórn A í umrætt sinn. Þá segir V að eiganda A hafi verið í lófa lagið að taka lykila bifreiðarinnar af B og frásögn eigandans um að B hafi tekið A órfjálsri hendi í umrætt sinn sé ótrúverðug með vísan til þess sem fyrir liggir í málinu. Af hálfu M er vísað til þess að B hafi ekki haft leyfi til að aka bifreiðinni í umrætt sinn og er í því sambandi vísað til ummæla vitna en af þeim sé ljóst að eigandi A hafi ekki heimilað B að aka A í umrætt sinn þvert á móti hafi B ekki haft heimild til akstursins í umrætt sinn.

Álit.

Eigandi A fól B að aka bifreiðinni úr sumarbústað í Borgarnesi. Ekki liggur fyrir hvert ölvunarástand B var þegar lagt var af stað úr sumarbústaðnum en eitt vitni telur hann þá þegar hafa verið undir áhrifum áfengis. Fyrir liggur skv. framburði vitna að B neytti áfengis á þeim veitingastað sem að hann fór á ásamt félögum sínum þar á meðal eiganda A. B ók síðan með leyfi eiganda A frá veitingastaðnum að sundstað og gerði eigandi bifreiðarinnar enga tilraun til að taka bifreiðina úr vörslum B en það var auðvelt þar sem að mennirnir voru þarna saman. Skiptir í því sambandi engu máli þó að eigandi A kunnir að hafa ætlast til að B skilaði sér lyklum. Miðað við ölvunarástand B þá bar eiganda A að svipta hann lyklavöldum og það var einfalt mál fyrir hann.

Það var stórkostlegt gáleysi af hálfu eiganda A að taka ekki bifreiðina í sínar vörslu en heimila Þ að aka þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis og á það við áður en ekið var á stað í Borgarnes miðað við vætti eins vitnis og allavega þegar félagarnir yfirgáfu þann veitingastað sem um ræðir og óku á sundstað og þá loks þegar þeir félagarnir fóru í sund. Miðað við þessar aðstæður verður ekki á það fallist að eigandi A hafi gert þær nauðsynle gu ráðstafanir sem honum með réttu bar að gera til að koma í veg fyrir akstur Þ í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Ekki er á það fallist að veðhafar geti ekki átt rétt á tryggingarbótum eins og haldið er fram af hálfu V.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr húftryggingu bifreiðarinnar hjá V.

Reykjavík 3.4.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2001

**M og
V v. slysatryggingar sveitastjórnarfulltrúa (S)**

Bótakrafa v. slyss í Eyrardal við Súðavík þ. 28.2.2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.14.3.2001. ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 129/01.
3. Bréf V dags. 2.4.2001 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

S sat í sveitarstjórn M og var M með slysatryggingu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa hjá V. S varð fyrir slysi sem leiddi til andláts hans og var komið að S þar sem hann var örendur fastur undir vélsleða um 70 metra frá heimili sínu. Eiginkona S segir að S hafi ekki verið heima þegar hún kom heim úr vinnu slysdaginn en komið skömmu síðar og sagt að vélsleði hans hafi stoppað upp í holtinu ofan við bæinn og hafi S náð í ný kerti og líklega einnig bensín og síðan farið að ná í sleðann. Um tveim klukkustundum eftir þetta segist hún hafa litið út um glugga og séð vélsleðann þar sem hann stóð í hlíðinni fyrir ofan húsið en S hafi hvergi verið sjáanlegur og hafi hún þá farið á vettvang og séð að sleðinn var ofan á S og ekkert lífsmark með honum og hafi hún þá þar sem henni tókst ekki að lyfta vélsleðanum af S farið og sótt hjálp. Skv. lýsingu í lögregluskýrslu af aðstæðum voru för í brún skaflsins sem sleðinn fór fram af og segir þar að ekki sé að sjá að sleðinn hafi komið við bakkann í leiðinni. Í viðbótarskýrslu hjá lögreglu segir eiginkona S að fyrr um daginn hafi verið rætt um það á vinnustað hennar að snjóflóðahætta væri fyrir hendi og ákveðnar ráðstafanir gerðar í því sambandi hún hafi rætt við S og hafi hann sagst ætla að athuga með snjóalög fyrir ofan bæinn um leið og skyggni lagaðist og S hafi farið út um kl. 17 til að athuga um snjóalög fyrir ofan bæinn, hann hafi síðan komið aftur og náð í kerti en um 15 mínútum síðar hafi hundur þeirra hjóna komið heim og hafi hún þá gert sér grein fyrir að ekki væri allt með felldu með S. Þá segir eiginkona S að S hafi verið snjóflóðaeftirlitsmaður fyrir M allt til ársins 1995 og alla tíð fylgst náðið með snjóalögum þarna á svæðinu bæði af miklum áhuga og sem sveitarstjórnarmaður.

Sveitarstjóri M segir að S hafi verið snjóaeftirlitsmaður á árunum 1993 til janúar 1995 og hafi þá annar verið ráðinn sem látið hafi af störfum í nóvember 1999 og engin ráðinn í hans stað. Sveitarstjórnin segist hafa beðið S að vera sér innan handar með athugun á snjóalögum þar til búið yrði að finna mann til starfars og í sínum huga sé ekki vafi á að S hafi verið að sinna störfum sínum sem sveitarstjórnarmaður í umrætt sinn og vísar m.a. til III. kafla 1. nr. 45/1998.

M krefst bóta úr slysatryggingu sveitarstjórnarmanna hjá V. Lögmaður M bendir á að S hafi starfað sem snjóflóðaeftirlitsmaður árin 1993-1995 fyrir M en Veðurstofa Íslands hafi ráðið starfsmann árið 1995 til að fylgjast með snjóalögum í M en sá hafi látið af störfum í nóvember 1999 og enginn ráðinn í staðinn þegar slysið varð. S hafi því umræddan dag verið að sinna störfum sínum sem sveitarstjórnarmaður og safnað upplýsingum um stöðu mála en alvarlegt ástand hafi ríkt vegna snjóflóðahættu umræddan dag. Af þessum ástæðum telur lögmaður M að sýnt hafi verið fram á að S hafi við könnun á snjóalögum verið að sinna skyldum sínum sem sveitarstjórnarmaður sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 28.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lögmaðurinn mótmælir þeirri túlkun V á skilmálum tryggingarinnar sem hér ræðir um að hún taki einungis til stjórnunarstarfa þá bendir lögmaðurinn á fordæmi um greiðslur tryggingarbóta úr tryggingu sem þessari.

V fellst á að S hafi verið að sinna snjó- eða snjóflóðaeftirliti þegar slysið varð en hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að slíkt eftirlit falli ekki undir sveitarstjórnarstörf í skilningi

tryggingarskilmála slystatryggingar sveitarstjórnarmanna hjá félaginu. Þá segir V að í sérskilmálum tryggingarinnar segi að tryggingin gildi eingöngu við störf á vegum sveitar/bæjarfélags þ.m.t. ferðalög þar sem ferðalög geti verið eðlilegur þáttur í starfi sveitarstjórnarmanna. V segist ekki hafa samþykkt að innifela áhættu af snjóflóðæftirliti í umrædda tryggingu og kæmi ósk um slíkt og fallist yrði á þetta yrði það gert með sérstakri viðbót við trygginguna. Loks bendir V á að hjá öðrum sveitarfélögum séu snjóflóðæftirlitsmenn tryggðir sem launþegar í slysatryggingu launþega en S hafi ekki verið starfsmaður M í þeim skilningi. V hafnar því að félagið sé að þrengja túlkun skilmála með ofangreindri túlkun sinni þessi afstaða félagsins hafi alltaf legið fyrir.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort að S hafi á þeim tíma sem hann starfaði sem eftirlitsmaður á árunum 1993 til janúar 1995 verið sveitarstjórnarmaður á sama tíma og hvort hann hafi þá verið tryggður sérstaklega vegna starfa sinna sem eftirlitsmaður.

Álit.

Skv. tryggingaryfirliti V vegna sveitarstjórnartryggingar M hjá V kemur fram að 5 sveitarstjórnarfulltrúar eru tryggðir við sveitarstjórnarstörf í sérskilmálum með tryggingunni segir að tryggingin gildi eingöngu við störf á vegum sveitar/bæjarfélagsins þar með talin ferðalög og tryggingin gildi einnig ef varafulltrúi komi í stað aðalmanns.

Ekki er hægt að fallast á það með M að S hafi í umrætt sinn verið að sinna sveitarstjórnarstörfum. Ekki verður séð að nein ákvæði l. nr. 45/1998 verði skýrð með þeim hætti að réttmætt sé að fella athuganir á snjóalögum eða snjóflóðæftirlit undir sveitarstjórnarstörf. Það sem aðilar eru sammála um að S hafi verið að gera í umrætt sinn verður ekki tengt starfi sveitarstjórnarmanns skv. eðlilegri túlkun tryggingarskilmála þeirra sem gilda um það tilvik sem hér ræðir um. Á það er bent, að sérstakur starfsmaður var ráðinn til að annast snjó- og snjóflóðæftirlit en S hafði gegnt því starfi áður.

Niðurstaða.

Umrætt slys er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu sveitarstjórnarmanna M hjá V.

Reykjavík 20.4.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar

Ágreingur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr bifreið.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.3.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur.
4. Bréf X, dags. 27.3.2001 ásamt hluta úr skilmálum (bls. 2 og 3).

Málsatvik.

Þann 29. desember 2000 var bifreið í eigu M stolið, þar sem hún stóð á bifreiðastæði við TBR húsið að Gnoðarvogi 1, Reykjavík. Munu lykjar að bifreiðinni hafa verið teknir úr úlpuvasa umráðamanns bifreiðarinnar í búningssklefa í TBR húsinu. Er bifreiðin fannst þann 2. janúar 2001 kom í ljós að ýmsir munir höfðu horfið úr henni.

Krafðist M þess að hinir horfnu munir yrðu bættir úr fjölskyldutryggingu sinni hjá X. X hafnaði bótaskyldu þar sem það taldi að mununum hafi verið stolið án þess að innbrot hafi verið framið, en vátryggingin taki ekki til slíks stulds úr bifreið.

Álit.

Í 3. gr. II. þáttar í skilmálum fyrir umrædda fjölskyldutryggingu, sem fjallar um heimilistryggingu, eru talin upp þau tjónstilvik sem vátryggingin bætir vegna tjóns á innbúi vátryggðs. Samkvæmt 6. tl. 3. gr. bætist tjón af völdum innbrots í læsta bifreið. Undir slíkum kringumstæðum er það skilyrði greiðsluskyldu að á vettvangi séu greinileg og ótvíráð merki þess að brotist hafi verið inn. Af gögnum málsins verður ekki séð að slík verksummerki hafi verið til staðar. Bótaskylda X verður því ekki byggð á þessu ákvæði. Í 7. tl. sömu greinar skilmálanna er einungis fjallað um bætur af völdum þjófnaðar úr ólæstri íbúð. Öðrum ákvæðum í skilmálunum er ekki til að dreifa sem til álita geta komið svo tjón M fái bæt úr vátryggingunni. Skilyrði eru því ekki fyrir hendi til að M fái tjónið bæt.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr fjölskyldutryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 20. apríl 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 65/2001

**(M) og
Vátryggingafélagið (V) v. skilmála slysatryggingar
og (B)**

Vinnuslys þegar M steig á kubb og skrikaði fótur þ. 20.11.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.3.2001 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 208/00
3. Bréf Sjóvá-Almennar tryggingar hf. dags. 4.4.2001. ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu sína að ganga frá þegar hann hafi stigið á kubb sem snérist þegar hann kom niður úr stiga og þá skrikaði honum fótur og fékk hnykk á bakið. M segist hafa farið að finna til óþæginda vegna þessa seiðing í baki og niður í nára og farið í myndatöku og þá hafi komið í ljós að um brjós-klos hafi verið að ræða. Í tjónstilkynningu segir M að afleiðing slyssins sé brjós-klos í baki og skv. niðurstöðu örorkumats dags. 18.12.2000. er um brjós-klos í mjóbbaki að ræða.

Lögmaður M bendir á að jafnvel þó að V undanþiggi sig ábyrgð þá sé hér um slys að ræða og hafi M aldrei kennt sér nokkurs meins í baki áður en slysið varð og ekki sé hægt að rekja slysið til sjúklegs ástands, slysið hafi orðið við vinnu og orsakasamband milli vinnunnar og slyssins

V hafnar bótaskyldu og bendir á að í 8.gr. tryggingarskilmála segi að jafnvel þó að slys verði talið sönnuð orsök greiði félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-klos, o.f.frv. Bótaskylda V sé því ekki fyrir hendi þar sem afleiðingar af slysi M sé brjós-klos.

Álit.

Fram kemur í tjónstilkynningu, örorkumati og vottorði Tryggingastofnunar ríkisins að afleiðingar af slysi M sé brjós-klos. Í 8.gr. tryggingarskilmála þeirra sem hér ræðir um er brjós-klos óvirklegt undanþegið bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V vegna umrædds slyss. Úrskurðarnefndin fjallar um skv. samþykktum um nefndina, bótaskyldu, sök og sakarskiptingu en hefur ekki heimild til að fjalla um bótagreiðslur nema sérstök heimild beggja aðila komi til. Sú heimild liggur ekki fyrir í þessu máli og getur Úrskurðarnefndin því ekki tekið afstöðu til kröfu M um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna öflunar örorkumats í málinu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu hans hjá V.

Reykjavík 20.4.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 70/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.3.2001 ásamt greinargerð, dags. 22.3.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Atvikalýsing málskotsaðila ásamt ljósmyndum og bréfi félaga málskotsaðila.
4. Bréf X, dags. 31.8.2000 og 10.4.2001 ásamt skilmálum (hluta).

Málsatvik.

Aðfaranótt 8. maí 1999 var M að ganga yfir brú á ánni Elbu í Dresden í Þýskalandi. Féll hann þá af brúnni og niður á hellulagða gangstétt. Hlaut hann höfuðhögg, hryggbrot og meiðsl á báðum ökklum og hægri hendi. Í lýsingu M á aðdraganda slyssins segir að hann hafi verið að fara yfir brú og gengið á kantinum og fallið u.þ.b. 10 metra niður.

Í bréfi þýsks félaga M, dags. 8.12.2000, kemur m.a. fram að þeir hafi verið saman ásamt fleirum kvöldið fyrir slysið. Um miðnætti hafi þeir farið á veitingastað. Um kl. 2 hafi hann haldið heimleiðis, en M hafi sagst ætla að hitta annan félagan sinn. Er hinn þýski félagi skildi við M kvað hann M ekki hafa litið út fyrir að hafa verið drukkinn, enda hafi þeir einungis drukkið saman tvo eða þrjá bjóra.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að M hafi í umrætt sinn gengið á handriði brúarinnar og með því sýnt stórkostlegt gáleysi sem leiði til þess að hann hafi fyrirgert rétti sínum til bóta. Af hálfu M hefur synjun X verið mótmælt. Einnig er mótmælt sem ósannaðri þeirri staðhæfingu X að M hafi gengið á brúarhandriðinu.

Álit.

Í gögnum málsins kemur hvergi fram skýring á því hvað M eigi við er hann í lýsingu sinni á aðdraganda slyssins kveðst hafa gengið á "kantinum". Gegn mótmælum M þykir eins og hér stendur varhugavert að fullyrða að með þessu orðalagi hafi M gefið í skyn að hann hafi gengið á handriði brúarinnar. Ekkert liggur fyrir hvort eða hversu mikið magn áfengis hafi verið í líkama M, er hann slasaðist. Þykir því heldur ekki mega draga að öðru leyti ályktanir um að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis. Að þessari niðurstöðu fenginni verður að telja að X hafi ekki sýnt fram á að M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M af völdum slyss þann 8.5.1999, telst bótaskyld úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá X.

Reykjavík, 20. apríl 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.3.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla, tjónstilkynning og ljósmyndir.
4. Tvær yfirlýsingar, dags. 20.9.2000 og 22.9.2000.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 26.9.2000.
6. Bréf X, dags. 12.10.2000 og 9.4.2001.
7. Skilmálar og kynningarbæklingur um húftryggingar (kaskótryggingar) bifreiða.

Málsatvik.

Þann 13. september 2000 var M á leið að Illakambi á Lónsöræfum á bifreið sinni A sem er af gerðinni Mercedes Benz Unimog. Aftan í A var yfirbyggð kerra. Á leiðinni þurfti að fara yfir Skyndidalsá sem er óbrúuð. Er M kom að ánni taldi hann hana vera ófæra og hafi því hætt við að fara yfir hana. Kvaðst hann hafa ætlað að taka U-beygju til að snúa við, en ekki náð beygjunni í einni lotu. Hann hafi því stöðvað við árbakkann til að aka A aftur á bak, en þá hafi bakkinn látið undan vinstra framhjólunu og hafi A hallað mjög mikið. Skyndilega hafi hann ákveðið að aka undan og upp á eyri mjög skammt frá. Það virtist hafa gengið mjög vel, en þegar kerran hafi komið út í hafi straumurinn tekið hana og við það hafi A snúist mjög hratt í hálfhring og drepist á bifreiðinni. Skemmdir urðu á A bæði af völdum vatns og við það þegar unnið var við að koma henni á þurrt land.

Hefur M krafist bóta fyrir tjón á A úr húftryggingu hennar, sem hann hafði keypt hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu, þar sem það telur að samkvæmt skilmálum taki húftryggingin ekki til tjóns eins og hér er um að ræða.

Álit.

Af hálfu X hefur frásögn M af tildrögum óhappsins ekki verið véfengd. Hún verður því lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Samkvæmt 1. gr. skilmála X fyrir húftrygginguna bætir vátryggingin m.a. tjón á vátryggðu ökutæki vegna þess að það veltur eða hrapar, svo og þegar því er ekið út af vegi. Ekki er skýrt nánar í skilmálunum hvað átt sé við með veltu, hrapi eða akstri út af vegi. Árbakkinn brast undan öðru framhjól A er M var að snúa henni við. Féll þá hjólið niður og A hallaðist mikið. Brá M þá á það ráð að koma A yfir á eyri, sennilega úti í ánni. Verður að líta svo á að orsök óhappsins og þess hversu illa fór hafi verið sú að A hafi hrapað ofan í árfarveginn. Ber því að bæta tjón M úr húftryggingu A sem hann hafði keypt hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr húftryggingu A.

Reykjavík, 20. apríl 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/rekstrarstöðvunartryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna tjónsatburðar þann 13.09. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.04. 2001.
2. Vátryggingaskilmálar rekstrarstöðvunartryggingar ásamt skírteini.
3. Kröfubréf dags. 09.12. 1999, 07.12. 2000.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 14.12. 2000, 25.01. 1999, 25.02. 1999 og 23.01. 2001, 04.04. 2001 og greiðslukvittun.
5. Upplýsingar úr rekstri vátryggðs.
6. Bréf lögmanns vátryggðs dags. 26.02. 2001.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 26.04. 2001 ásamt skírteini, skilmálum, tjónskvittun og greinargerð til Tjónanefndar dags. 15.03. 2001.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 323/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Málsatvika er óþarft að geta ítarlega.

Málskotið varðar kröfu vátryggðs úr rekstrarstöðvunartryggingu vegna varanlegrar stöðvunar á rekstri fyrirtækisins í kjölfar bruna þann 13.09. 1999.

Vátryggingafélagið lætur þess getið að aðilar séu sammála um að uppgjör hafi farið fram vegna tímabilsins 14.09. 1999 til 31.12. 1999, en að ágreiningurinn varði tímabil bótaskyldrar rekstrarstöðvunar. Félagið telur að fram hafi farið fullnaðaruppgjör vegna rekstrarstöðvunar skv. ákvæði 685.10 í vátryggingaskilmálum. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tímabil rekstrarstöðvunar hafi þurft að vera lengra en til áramóta 1999/2000. Það telur að 3½ mánuður hafi verið ríflegur tími fyrir vátryggðan að koma rekstrinum í gang í nýju húsnæði og útvega nýjar vörur.

Vátryggður gerir kröfu til þess að vátryggingafélagið greiði fyrir “allt rekstrarstöðuvartímabilið frá 13.09. 1999 til 13.09. 2000.” Ágreiningur sé um hvað teljist “eðlilegur tími þar til tjónþoli hafi getað hafið rekstur að nýju sbr. grein 685.10 í vátryggingaskilmálum.” Vátryggður telur að við bruna hafi fótum verið kippt undan rekstri fyrirtækisins sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum er þess m.a. getið að vátryggingin taki til rekstartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu af völdum atburðar sem orðið hefur á vátryggingarstað. Fram kemur að greiðsluskylda félagsins takmarkist við það rekstartap sem verður á næstu 12 mánuðum eftir að vátryggingaratburðurinn átti sér stað. Tímabil þetta nefnist bótatímabil (sbr. grein 681.10). Í grein 685.10 er getið réttarstöðu vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar. Fram kemur að “hefjist atvinnurekstur vátryggðs ekki að nýju eftir vátryggingaratburðinn miðast bótafjárhæðin við þann tíma (allt að 12 mánuðum) sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafa hafist aftur.”

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að vátryggður eigi rétt til greiðslu bóta fyrir tímabilið 13.09. 1999 til 13.09. 2000. Ekki hefur verið sýnt fram á að tímabil rekstrarstöðvunar hafi þurft að vera lengra en þegar hefur verið bætt. Með hliðsjón af framanrituðu er ekki fallist á kröfugerð vátryggðs.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á kröfugerð váttryggðs í máli þessu.

Reykjavík 15. maí 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2001

M (A og B)

Vátryggingafélagið (V) v. ábyrgðartryggingar fyrirtækisins(S)

Tannbrot v. meints aðskotahlutar í rúgbrauði þ. 12. 8. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.5.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1361/00
3. Bréf Björns Þorvaldssonar tannlæknis dags. 20.9.2000, yfirlýsing og reikningur.
4. Bréf Neytendasamtakanna dags. 5.1. og 12.1.2001.
5. Bréf V.h.f. ásamt fskj. nr.1-16.

Málsatvik.

M keyptu seitt rúgbrauð í verslun og þ.12.8. kl. 15.36 braut M/A tönn þegar hún var að borða það og M/B kl.17.07 einnig við að borða rúgbrauðið. M telja að aðskotahlutur eða hlutir hafi verið í rúgbrauðinu. Björn Þorvaldsson tannlæknir segir að báðir M hafi komið til sín þ. 15.8.2000 M/A með brotna miðframtönn vinstra megin í efra gómi og kvarnað út úr næstu tönn en M/B með brotna miðframtönn í neðra góm. M krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu S, framleiðanda rúgbrauðsins, hjá V. S segir að M hafi komið til þeirra og sagst hafa bitið í eitthvað hart sem varð til þess að tennur brotnuðu í þeim báðum og hafi þetta verið eins og litlir steinar eða ámóta harðir hlutir. S segir eftirfarandi geta hafa verið fyrir hendi: Skorpan orðin hörð og tennurnar ekki þolað álagið eða ysti hluti brauðsins verið brenndur sem valdi því að seigjan verði mikil. Í bréfi Ríkharðs Pálssonar tannlæknis til V dags. 16.11.2000 segir að hann hafi skoðað röntgenmyndir af M og með vísan til þess megi álykta að tjónstönnin hjá M/B hafi verið mikið viðgerð og lítið álag þolað og einnig virðast framtennur M/A hafa verið mikið viðgerðar og yfirkryndar og e.t.v. með tannhálskaries og álagsveikar. Ríkharður segir að heilbrigðar tennur eigi ekki að brotna við rúgbrauðsbit þó í skorpu sé. Í bréfi Neytendasamtakanna þ. 5.1.2001 kemur fram að samtökin geymdu í frysti leifar rúgbrauðsins og fóru samtökin fram á það að kannað yrði hvort að aðskotahlutur leyndist í þeim brauðbita sem var í vörslu samtakanna, þá gagnrýna samtökin að engin skuli hafa verið viðstaddur þegar sá biti brauðsins sem S fékk til skoðunar var mulinn niður. V hafnar bótaskyldu og telur að ósannað sé að tjón M verði rakið til skaðlegra eða hættulegra eiginleika framleiðsluvörunnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem S beri skaðabótaábyrgð á. Við skoðun segir V að ekkert athugavert hafi fundist í brauðinu og því ósannað að tjónið verði rakið til aðskotahlutar í brauðinu eða annars ágalla á því. Þá vísar V til 2. mgr. 6.gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

Álit.

Í bréfi frá Neytendasamtökunum undirrituðu af nokkrum starfsmönnum og öðrum málskostsaðila kemur fram að leifar af rúgrauði því sem talið er hafa valdið tjóninu hafi verið skoðað og enginn aðskotahlutur fundist í rúgbrauðinu. Með vísan til þess þar sem M hefur ekki tekist að færa sönnur á staðhæfingar sínar um að aðskotahlutur í rúgbrauði hafi valdið tannbroti þeirra er ósannað að tjón M stafi af ágalla á rúgbrauðinu og eiga þau því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 12.6.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2001

M

og

vátryggjandinn X v. slysa- og sjúkratryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 8. október 2000

Gögn.

1. Málskot móttakið 08.05. 2001.
2. Skýrslur lögreglunnar á Blönduósi og í Reykjavík.
3. Bréf lögmanna vátryggðs, dags. 06.12. 2000, 25.01. 2001 og 02.04. 2001.
4. Bréf vátryggjandans X, dags. 03.01. 2001, 29.01. 2001, 05.03. 2001, 02.04. 2001, 23.04. 2001 og
5. 29.05. 2001.
6. Tölvupóstur X, dags. 23.04. 2001 .
7. Skilmálar slysa- og sjúkratryggingar X.
8. Skoðun Frumherja hf. á ökutæki eftir slys.
9. Umboð lögmanns.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 348/2001.

Málsatvik.

Aðfaranótt 8. október 2001 var bifreið ekið suður Norðurlandsveg í átt að félagsheimilinu Víðihlíð í Húnaþingi vestra. Við býlið Brautarland, sem er í um 1200 m fjarlægð frá Víðihlíð, var bifreiðinni ekið á tvo gangandi vegfarendur, karl og konu. Slösuðust þau bæði, og er M annað þeirra. Voru þau að koma af dansleik, sem haldinn hafði verið í Víðihlíð þá um kvöldið og fram á nótt.

M kveðst hafa að loknum dansleiknum í Víðihlíð gengið í norðurátt áleiðis að sumarbústaði sínum, sem væri um 8 km frá Víðihlíð. Með honum í för hefði verið kona. Þau hefðu gengið á vinstri vegkanti á móti umferðinni. Hafi M reynt að stöðva bifreiðar í því skyni að fá far fyrir samferðarkonuna, þar sem hún hafi verið orðin þreytt og mjög ölvuð. Tilraunir til að fá far hefðu reynst árangurslausar. Hafi M þá reynt að fá konuna til að fara heim að Brautarlandi, en það ekki gengið. Hafi M þá ákveðið að yfirgefa konuna, en er hann hafi verið kominn í um 50 m fjarlægð frá henni, hafi hún kallað til hans. Hafi hann þá snúið við og gengið í átt til hennar. Áður hafi hann gengið á vinstri akrein og á móti umferðinni, en nú hafi hann hins vegar gengið með umferðinni. Er hann hafi nálgast konuna hafi hann fundið mikið högg skella á sér, hann muni eftir sér liggjandi á malbikinu og hafi áttað sig á, að ekið hafi verið á sig. M viðurkennir nokkra áfengisneyslu fyrir dansleikinn og meðan á honum stóð, og að hann hafi fundið til áfengisáhrifa. M hafnar því að hann hafi gengið eftir miðjum veginum, er slysið hafi orðið. Slysið verði að mestu rakið til óaðgætni ökumanns bifreiðarinnar, er ekið hafi verið á hann, auk þess sem ástand bifreiðarinnar hafi ekki verið eins og best hafi verið á kosið. Hafi M ekki sýnt af sér stórkostlega gálausa hegðun eða verið mjög ölvuður, er slysið átti sér stað.

Af hálfu vátryggjandans X er því haldið fram, að bifreið hafi verið ekið á tvo gangandi vegfarendur, karl og konu, þar sem þau hafi gengið eftir miðjum veginum. Svartamyrcur hafi verið og engin götulýsing, og þau verið án nokkurra auðkennandi merkja. Þá verði ráðið, að þau hafi verið undir talsverðum áhrifum áfengis, en ekki hafi þó farið fram alkóhólrannsókn á þeim. Ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið á um 90 km/klst, sem sé leyfilegur hámarkshraði á þessum slóðum. Er ökumaður hafi skipt í há ökuljós, eftir að hafa mætt nokkrum bifreiðum, hafi ökumaður skyndilega séð M á miðjum vegi, og hafi reynt að sveigja frá og hemla. Það hafi ekki tekist, og bifreiðin því skolið á M og konunni. Skv. frásögn vitna hafi tjónþoli og samferðarkona hans gengið eftir miðri akbrautinni skömmu fyrir slysið, og hafi mátt minnstu muna að ekið hefði verið á þau a.m.k. einu sinni af þeim sökum, og hafi m.a.s. verið stökkið fyrir bifreið eins vitnisins. Líta verði sérstaklega til þess að slysið hafi orðið á þjóðvegi nr. 1, þar sem almennt megi búast við mikilli umferð og miklum ökuhraða. Tjónþola hefði verið vel

ljóst að mikil umferð væri á þessum slóðum í umrætt sinn vegna skemmtunar í Víðihlíð auk þess sem hann væri vel kunnugur á þessum slóðum. Aðstæður hefðu verið með þeim hætti, að öikumanni hefði verið ómögulegt að afstýra slysinu og af skoðunarskýrslu verði ráðið að öryggisbúnaður ökutækisins, ökuljós, hemlar og hjólbarðar hefðu verið í fullnægjandi ástandi. Að mati X verði slysið aðallega rakið til háttsemi M, eða að hann hafi a.m.k. stórlega aukið hættu á að slys yrði. Verði því að líta svo á, að M hafi með þessu sýnt af sér svo stórfellt og vítavert gáleysi, að fella beri niður rétt hans til váttryggingabóta skv. skilmálum og almennum reglum váttryggingaréttar.

Álit.

Af hálfu váttryggjandans X hefur greiðsluskyldu úr váttryggingunni einkum verið hafnað með vísan til ákvæða í skilmálum, þar sem segir að félagið bæti ekki slys, sem verða “undir áhrifum deyfif- eða eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins” og “vegna stórkostlegs gáleysis þess sem tryggður er eða váttryggðs”.

Í 2. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga segir efnislega, að hafi váttryggður af vangá sinni valdið því, að váttryggingaratburður gerist, og telja megi vangá hans stórkostlega, skuli úr því skorið, hvort greiða skuli bætur og hve háar, eftir því, hversu mikil sökin er, og eftir öðrum atvikum. Í váttryggingarskilmálum, er hér um ræðir, hefur X hins vegar að öllu leyti undanþegið sig ábyrgð af slysum er verða við ofangreindar aðstæður. Er X það heimilt lögum samkvæmt. Líta verður þó svo á, að X beri sönnunarbyrðina fyrir því, að þær aðstæður séu fyrir hendi, sem varða háttsemi váttryggðs, er leitt geti til niðurfellingar á rétti til váttryggingarbóta. Vitni bera um háttsemi M nokkru fyrir slysið, og m.a. að hann hafi þá gengið á akbrautinni miðri. Ökumaður ber einnig, að M og samferðarkona hans hafi verið á akbrautinni miðri, er slysið varð. M neitar því að hafa gengið úti á akbrautinni, þegar slysið gerðist, og samferðarkona hans kveðst ekki muna það, en telji það þó ólíklegt. Í ljósi framangreinds og atvika að öðru leyti þykir ekki fullsýnt, að slysið verði rakið til ölvunaráhrifa M eða stórkostlega gálausrar háttsemi hans. Ber því váttryggingafélaginu X að greiða M bætur vegna slyss þessa.

Niðurstaða

Váttryggingafélaginu X ber að bæta M slysið úr slysa- og sjúkratryggingu hans.

Reykjavík, 7. júní 2001.

Rúnar Guðmundsson, hdl.

Sigmar Ármannsson lögfr.

Rúrik Vatnarsson hdl.

Mál nr. 104/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/flutningstryggingar innanlands

Skemmdir á húseign við flutning, ágreiningur um bótas kyldu, 22.08.2 2000

Gögn.

1. Málskot móttakið 09.05. 2001.
2. Vátryggingaskírteini og fylgiblað dags. 22.08. 2000.
3. Bréf lögmanns vátryggðs dags. 17.10. 2000, 13.02. 2001, 15.03. 2001.
4. Skoðunarvottorð dags. 20.09. 2000 og 13.02. 2001.
5. Bréf vátryggingafélagsins 02.03. 2001.
6. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 21.05. 2001 þar sem hjálagn fylgdu vátryggingaskírteini ásamt skilmálum og nefnt skoðunarvottorð 20.09. 2000.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 282/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Málsatvik er óþarft að geta ítarlega. Málskot þetta varðar kröfu vátryggðs (M) um bætur úr vátryggingu fyrir hús í flutningi frá Sóltúni að Geithálsi í Reykjavík þann 22.08. 2000. Fyrir liggur að skemmdir urðu á húsinu þegar verið var að lyfta húsinu frá grunnni á bifreið.

Flutningur hússins fólst í því, líkt og fram kemur í málskotinu, að það var híft var af jörðu á flutningabifreið og síðan híft af bifreiðinni á jörð þegar á áfangastað var komið. Þegar húsið var flutt á bifreiðina kom “slinkur” á krana þann sem notaður var og urðu verulegar skemmdir á húsinu. M telur að vátryggt sé gegn utanaðkomandi tjónum eða skyndilegum óhöppum, sem valda tjóni við flutning þess, frá því að því er lyft og þar til því hefur verið komið fyrir aftur. Hann getur þess að það sé meginregla í vátryggingarétti að vátryggingafélag beri að bæta tjón hins vátryggða í samræmi við efni vátryggingar nema annað leiði af samningi eða lögum. Hann telur að vátryggingafélagið hafi ekki bent á “neitt sem bendir til þess að undantekningarákvæði vátryggingarinnar eigi við” og því beri félaginu að bæta tjónið. Hann lætur þess getið varðandi sönnun að ekki séu “gerðar mjög strangar kröfur í þeim efnum, enda er það markmið vátryggingarsamningsins að vátryggingafélagið bæti vátryggðum tjón sitt.”

Vátryggingafélagið telur að tjónsatvik máls þess falli ekki undir gildissvið vátryggingarinnar. Í vátryggingaskilmálum segir svo um gildissviðið: “Húsið er vátryggt gegn utanaðkomandi tjónum eða skyndilegum óhöppum, sem valda tjóni við flutning þess, frá því að því er lyft frá jörðu eða af undirstöðu á flutningstækið og þar til því hefur verið lyft af flutningstækinu á ákvörðunarstað. Vátryggingin bætir ekki tjón, sem orsakast af hristingi, né því að húsið liðast í sundur eða skekkist, nema það stafi af því að húsið falli af flutningstækinu.”

Félagið vísar til skoðunarvottorðs þar sem fram kemur að skemmdir hafi orðið á húsinu við slink, sem hafi komið þegar því var lyft frá festu við grunninn. Félagið telur að orsakir skemmda hafi verið þær að húsið hafi ekki verið laust þegar átti að hífa og að undirbúningi þess til flutnings hafi verið áfátt sbr. það sem fram kemur í skoðunarvottorði um að húsið hafi verið sagað í sundur án þess að op hafi verið styrkt fyrir flutning. Til frekari stuðnings vísar félagið til þess sem fram kemur í skilmálum, um að vátryggingin bætir ekki tjón, sem orsakast af hristingi, né því að húsið liðast í sundur eða skekkist, nema það stafi af því að húsið falli af flutningstækinu

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist sem undirbúningi flutningsins hafi verið áfátt. Í skoðunarvottorði segir m.a. að “dregari eða dregarar gætu hafa verið fastir í steypu. Skyndilega losnaði húshlutinn og kom þá slinkur á hann og hann sveiflaðist lítillaga upp og niður þar sem hann hékk í tveimur lögum nylonstroffum neðan í herðatré sem notað var við

híflinguna...” Slinkur kom m.ö.o. á húsið er því var lyft vegna þess að það var ekki laust frá grunninum. Halla af því verður váttryggður að bera miðað við fyrirliggjandi gögn. Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi váttryggingaskilmálum fellur tjónsatburður máls þess utan gildissviðs váttryggingarinnar. Váttryggt er gegn utanaðkomandi tjónum eða skyndilegum óhöppum, sem valda tjóni við flutning hússins, frá því að því er lyft frá jörðu eða af undirstöðu á flutningstækið og þar til því hefur verið lyft af flutningstækinu á ákvörðunarstað. Váttryggingin bætir ekki tjón, sem orsakast af hristingi, né því að húsið liðast í sundur eða skekkist, nema það stafi af því að húsið falli af flutningstækinu. Í því tilviki sem hér um ræðir varð tjón á húsinu við það að því var lyft frá undirstöðu, sem það var fast við. Slíkt tjón fellur utan fyrirliggjandi váttryggingaskilmála. Flutningur í skilningi váttryggingarinnar hafði ekki átt sér stað, er tjónið varð, vegna þess að húsið var fast við grunninn.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 12. júní 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2001

(M)

og

vátryggingafélagið (V) v. ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (F)

Slys þegar starfsmaður datt af færibaldi þ. 10.1.1997.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.17.5.2001. ásamt fylgskjölum 1-13
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 296/01
3. Bréf V dags. 11. 6. 2001 ásamt fylgiskjölum 1-7

Málsatvik.

M vann við að ferma og afferma flugvélar og þ. 10.1. 1997 varð hann fyrir slysi þegar hann datt niður af færibaldi sem hann gekk eftir á leið frá flugvél sem hann hafði verið að ferma. Í lögregluskýrslu segir M að hann hafi verið búinn að vinna í 3 mánuði við þetta starf þegar slysið varð. M segir að í umrætt sinn hafi hann verið að vinna í lest á flugvél og upp í lestina hafi legið færiband áfast ökutæki og væri farangur og varningur settur á færibaldið og væri það hallandi upp í lestarop flugvélarinnar. M segir að fermingu hafi verið u.þ.b. að ljúka og ekki pláss lengur fyrir þá þrjá starfsmenn sem unnið hefðu að femingunni í lestinni og M því ákveðið að fara úr henni og segir M að þegar starfsmenn hefðu gert það hefðu þeir gengið niður færibaldið hvort sem það var í gangi eða ekki. M segir að beggja vegna við færibaldið sé lakkður járnkantur. M segir að þegar hann var að fara niður færibaldið kominn um einn og hálfan meter hafi komið á móti honum kassi álíka breiður og færibaldið og hann því þurft að stíga út út á jánkantinn við hlið færibandsins en þá misst fótana vegna hálfu á járnkantinum og dottið og lent á mjóhryggnum á ökutækinu undir færibandinu. Vitni að atburðinum vinnufélagi M segist hafa séð þegar M steig á járníð við hlið bandsins og missti fótanna. Vitnið segir algennt að starfsmenn fari niður bandið jafnvel þó að það sé í gangi og kæmi eitthvað eftir færibandinu þegar þeir væru á leiðinni þá stigu þeir á jánin meðan það færi hjá. Annar vinnufélagi M skýrir með sama hætti frá slysi M. Af hálfu F er því haldið fram að starfsmenn sem vinni að hleðslu flugvéla noti færiband eins og það sem hér ræðir um með sama hætti og M gerði til að komast að og frá lest flugvéla. Af hálfu F er þess getið að tvö sambærileg slys hafi átt sér stað en fleiri óhöpp sama eðlis þó að slys hafi ekki hlotist af. Af hálfu lögmanns M er á það bent að M sé ófaglærður starfsmaður hjá F og hafi starfað sem hlaðmaður hjá félaginu í 2 mánuði þegar slysið varð og hafi M engar leiðbeiningar fengið um hvernig ætti að bera sig að eða aðvaranir um hættur sem starfinu fylgdu þá hafi engar öryggisráðstafanir verið gerðar til að fyrirbyggja slys og vinnuveitandi hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu. Af hálfu lögmanns M er því haldið fram að um mjög háskalegar vinnuáðstæður sé að ræða enda mörg óhöpp orðið með sama hætti. Þá bendir lögmaðurinn á að M hafi þurft að fara úr lestinni þar sem ekki var pláss fyrir hann þar. Lögmaðurinn telur ótvírætt að F beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og krefst bóta úr tryggingu F hjá V. V hafnar bótaskyldu þar sem ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna F, verkstjórnar eða annarra atvika sem F beri ábyrgð á. V segir að slysið verði eingöngu rakið til óhappatilviks vegna veðuraðstæðna eða eigin sakar tjónþola sjálfs. V bendir á að notuð séu sambærileg tæki um allan heim og ekki sé um hættulegan búnaðað ræða en starfsmenn þurfi að sína aðgát þegar gengið sé um færibaldið en óvarlegt hafi verið af M að ganga um færibaldið þegar varningur var á leið upp eftir því.

Álit.

Sú aðstaða sem starfsmönnum við hleðslu flugvéla er búin hjá F þ.e. að ganga upp eða niður færiband í gangi jafnvel meðan á fermingu stendur er varhugaverð enda töluvert um slys og óhöpp vegna þess eins og kemur fram hjá F. Jafnvel þó að þetta vinnulag þekkist víða í heiminum þá breytir það ekki því að vinnuáðstæður sem þessar eru hættulegar ekki síst hér á landi yfir vetrarmánuði. Þeim fullyrðingum lögmanns M að M hafi ekki fengið neinar

leiðbeiningar eða verið varaður við hættum sem starfinu fylgdu hefur ekki verið hnekktt af hálfu F. Þar sem að fyrir liggur að engar ráðstafanir vor gerðar af hálfu F til að auka öryggi starfsmanna í þessu umrædda starfi eða setja þeim sérstakar varúðar- og starfsreglur þrátt fyrir að um hættulegar vinnuáðstæður væri að ræða verður sök felld á F vegna slyss M. M hafði starfað hjá F í skamman tíma þegar slysið varð en hlaut að gera sér grein fyrir að því fylgdi hætta að fara um færiband í gangi og því þurfti að gæta varúðar þegar farið var upp eða niður færibaldið. Þá hlaut M að gera sér grein fyrir því að sérstaklega hættulegt var að fara um færibaldið meðan á ferminu stóð og varningur var á leið upp færibaldið. M þykir ekki hafa gætt nægjanlegrar varúðar í umrætt sinn þar sem að hann fer niður færibaldið á móti varningi sem er á uppleið og ber því einnig sök á slysinu. Miðað við aðstæður þykir rétt að M beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu F hjá V. M ber helming tjóns síns vegna eigin sakar en helmingur bætist úr ofangreindri tryggingu.

Reykjavík 19.7.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2001

X

og

Tryggingafélagið Y vegna bifreiðarinnar A

Gildi ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. júlí 2001.
2. Bréfaskipti milli málshefjanda og systur málshefjanda.
3. Bréf dags. 9. maí frá Y um brottfall tryggingar X.
4. Reikningsyfirlit vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.
5. Bréf fulltrúa tryggingafélagsins Y dags. 15. ágúst 2001.

Málsatvik.

Bifreiðin A ók á B 12. nóvember 2000. A var tryggð hjá Lloyd's. Ágreiningslaust er að A var í fullri sök. Eigandi B fékk tjón sitt metið hjá tryggingafélaginu Y og fór síðan með bifreiðina til viðgerðar. Síðan kom í ljós að ábyrgð tryggingafélags Y var hafnað og fullyrt að váttrygging A hefði verið fallin úr gildi vegna vanskila. Eigandi A taldi sig vera váttryggðan hjá Y á tjónsdegi og lagði fram hjá Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi skírteini með gildistíma frá 12. janúar 2000 til 11. janúar 2001, kvittun fyrir greiðslu upp í iðgjald dags. 12. maí 2000 og kvittun fyrir greiðslu upp í iðgjald dags. 18. október 2000. Jafnframt upplýsti eigandi A að iðgjaldið hefði verið sent í innheimtu og að hún hefði samið um greiðslu þess. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar töldu trygginguna í gildi á tjónsdegi en því var hafnað af tryggingafélaginu og fram lagt bréf frá 9. maí 2000 hefði eiganda A og lögreglustjóra verið tilkynnt um niðurfellingu tryggingarinnar. Jafnframt var því haldið fram að einungis eftirstöðvar tryggingarinnar hefðu verið sendar í innheimtu. Málshefjandi fullyrðir að bifreiðin hafi verið færð til skoðunar 25. júlí 2000 hjá Frumherja og eftirá hefur hún fengið staðfest að á þeim tíma hafi bifreiðin í tölvuskrá verið með gilda tryggingu hjá tryggingafélaginu. Fullyrðingu þessari hefur ekki verið mótmælt af hálfu tryggingafélagsins.

Álit

Af gögnum málsins liggur fyrir að eigandi A samdi við innheimtuaðila um uppgjör vanskila vegna ábyrgðartryggingar A. Engin gögn hafa verið lögð fram um það að til innheimtu hafi einungis verið iðgjöld fyrir tímabilið fram að þeim tíma sem tryggingafélagið nú heldur fram að tryggingin hafi fallið úr gildi. Reikningsyfirlit í gögnum málsins sýnir að tryggingafélagið bakfærir ekki eftirstöðvar ábyrgðartryggingar eiganda A fyrr en 20. júlí, rúmlega einum og hálfum mánuði eftir að fullyrt er að tryggingin hafi átt að vera fallin niður samkvæmt bréfi til lögreglustjóra dags. 9. maí 2000. Þá er ómótmælt af hálfu tryggingafélagsins fullyrðingu málshefjanda um að hinn 25. júlí 2000 hafi félagið talið tryggingu hennar í fullu gildi, en þá færði hún bifreið sína til skoðunar.

Niðurstaða.

Ábyrgðartrygging bifreiðarinnar A var í fullu gildi 12. nóvember 2000.

Reykjavík, 28. ágúst 2001.

Jónína Lárusdóttir lögfræðingur

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2001

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á fráveitulögn.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.7.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Verksamningur, dags. 25.8.1999, ásamt formi fyrir framkvæmdatryggingu.
4. Greinargerð bæjartæknifræðings M, dags. 23.10.2000, ásamt teikningu.
5. Bréf M, dags. 24.10.2000 og 25.10.2000.
6. Bréf X, dags. 24.10.2000, 25.10.2000, 13.11.2000, 24.1.2001, 15.5.2001 og 18.7.2001.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 19.1.2001, 17.4.2001

Málsatvik.

Með verksamningi, dags. 25. ágúst 1999, tók verktakafyrirtækið A að sér verk fyrir sveitarfélagið M við fráveitu- og hreinsimannvirki. Þann 19. október 2000 var unnið við að grafa fyrir aukatengingu í tiltekinni götu og við það þurfti að þvera vatnslögn. Rauf þá skurðgrafa vatnslögnina. Starfsmenn M tókust á hendur viðgerð á vatnslögninni og lauk viðgerð daginn eftir. Aðfaranótt 21. október brast vatnslögnin og urðu þá skemmdir á hinni nýju fráveitulögn sem unnið var við af hálfu A. Þurfti að taka upp lögnina á 106 m kafla og sanda að nýju undir og yfir lögnina.

M hefur krafist þess að X bæti tjónið úr frjálstri ábyrgðartryggingu M. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ágreiningslaust er með aðilum að bilun á vatnsleiðslunni, sem olli tjóni á fráveitulögninni, megi rekja til mistaka starfsmanna M. Þá sýnist samkvæmt gögnum málsins ekki heldur vera ágreiningur með aðilum að ÍST-30 (Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir) sé hluti fyrrgreinds verksamnings milli A og M. Í 23. gr. staðalsins segir m.a. að verk verði eign verkkaupa eftir því sem því miðar áfram. Ákvæði þetta verður að skilja svo að efni ásamt vinnu með efnið verði eign verkkaupa þegar því hefur verið skeytt við mannvirki með varanlegum hætti. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sá hluti fráveitulagnarinnar sem eyðilagðist í kjölfar vatnslekans aðfaranótt 21. október 2000 hafi varanlega verið orðinn hluti af fráveitumannvirki því sem verksamningurinn tók til. Var lögnin því eign M þegar tjónið varð. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli þótt A hafi þá enn borið áhættuna á því ef verk eða efni til þess verður fyrir skemmdum eða eyðileggst skv. ákvæðum 22. gr. ÍST-30.

Samkvæmt 1. tl. 5. gr. í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu M tekur vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum sem vátryggður (M) á. Í ljósi þess sem fyrr segir varð tjónið á fráveitulögn í eigu M. Það bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu M hjá X.

Niðurstaða.

Tjón á fráveitulögn bætist ekki úr frjálstri ábyrgðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2001.

Valgeir Pálsson hrl.

Jónína S. Lárusdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2001

M

og

Vátryggingafélagið V v/skilmála slysatryggingar ökumanns.

Slys þegar ökumaður féll af vélsleða þ. 22.3. 2001 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.7.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 366/01
3. Lögregluskýrsla dags. 22.3.2001 og 16.6.2001 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V dags. 23.7.2001.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann féll af vélsleða sem hann var að aka á æfingabraut til aksturs vélsleða. Í lögregluskýrslu segir að þetta hafi gerst á æfingabraut sem sé með stökkpöllum og gryfjum sem ýtt sé upp af jarðýtu eins konar þrautabraut eins og það er orðað og hafi M verið að stökkva á vélsleða sínum og ætlað að stökkva yfir tvo palla í einu. Í lögregluskýrslu frá 22.3.2001 er haft eftir M að hann hafi ætlað að stökkva af fyrsta palli yfir miðjupallinn en lent á honum og við það hafi komið mikið högg upp í öxl M en hann hafi bæði fengið sleðann upp á móti sér og fallið á hann en hann hafi lent á miðjupallinum og höggið því verið talsvert síðan hafi hann fallið af sleðanum og kútvilst og fundið mikinn sársauka í öxlinni. Haft er eftir M að alvanalegt sé að menn fari svona að í vélsleðaakstri á brautinni. Far sást í miðjustökkpalli eftir sleða M. Í lögregluskýrslu þ.16.6.2001 segir M að hann hafi í umrætt sinn misst jafnvægið á sleðanum og fallið niður þannig að öxl hans hafi komið niður á sleðann og kastast af sleðanum af nokkru afli og tekur fram að hann hafi ekki verið að æfa sig fyrir vélsleðakeppni eins og fram komi í fyrri lögregluskýrslu og verið vel hlífaður í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis M við stjórn vélsleðans þar sem hann hafi verið að æfa stökk á vélsleða af sérbúnum stökkpalli yfir annan til að lenda á þeim þriðja. V bendir á að bótaréttur geti fallið niður skv. 5.gr. alm. skilmála félagsins fyrir slysatryggingu ökumanns ef hann veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi sbr. 18.gr.1. um vátryggingasamninga nr. 20/1954 og telur félagið að fella beri niður bætur til M vegna slyssins eða a.m.k. skerða þær verulega vegna þessa stórkostlega gáleysis ökumanns. Þá bendir V á 10.gr. vátryggingaskilmála fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja varðandi skyldu til að tilkynna um allar breytingar á notkun ökutækis sem geti falið í sér aukna áhættu á tjóni og hverju það varðar að tilkynna slíkt ekki. Lögmaður M telur M hvorki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi né að jafna megi akstri hans í umrætt sinn til áhættutöku. Þá bendir lögmaðurinn á að umrætt tjón heyrir undir almenna skilmála fyrir slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega og um vátrygginguna gildi l. nr. 20/1954 og vísar lögmaðurinn í 5.gr. þeirra laga. Lögmaður M bendir síðan á að í umrætt sinn hafi M ekki ekið vélsleðanum hratt auk þess sem hann hafi verið á stað þar sem hann var aðstæðum kunnur og því fráleitt að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Lögmaðurinn vísar síðan sérstaklega varðandi tildrög slyssins til skýrslu M fyrir lögreglu þ. 16.júní 2001.

Álit.

Í umrætt sinn ók M á æfingabraut og var akstur hans með þeim hætti að hann var kominn út fyrir eðlilega notkun vélsleðans og sýndi með akstri sínum af sér stórkostlegt gáleysi. M á því ekki kröfu á því að fá tjón sitt bætt úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

Bótaréttur M er ekki fyrir hendi úr tryggingu hans hjá V.

Reykjavík 17.8.2001

Jónína Lárusdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2001

**M
og
Vátryggingafélagið V**

Andlát, ágreiningur vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. júlí 2001.
2. Bréf lögmans M til vátryggingafélagsins V, dags. 7. mars 2001.
3. Bréf vátryggingafélagsins V til lögmans M, dags. 27. júní 2001.
4. Bréf lögmans M til vátryggingafélagsins V, dags. 8. maí 2001.
5. Vátryggingayfirlit, dags. 19. janúar 2001.
6. Tryggingaskilmálar fjölskyldutryggingar
7. Lögregluskýrsla, dags. 16. janúar 2001.
8. Lögregluskýrsla, dags. 24. janúar 2001.
9. Matsgerð, dags. 7. febrúar 2001.
10. Krufningarskýrsla, dags. 16. mars 2001.
11. Bréf vátryggingafélagsins V til lögmans M, dags. 27. júní 2001.
12. Bréf vátryggingafélagsins V til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, dags. 12. júlí 2001.
13. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 540/2001.

Málsatvik.

X, faðir M, fannst örendur að morgni 15. janúar 2001 að Hnausum, nokkrum kílómetrum ofan við Sigöldu. Daginn áður, laust fyrir kl. 14:00, hafði hinn látni orðið viðskila við félag sína á vélsleða sínum við Tungnaá á móts við svonefndan Svartakrök. Samkvæmt lögregluskýrslu mun hann nokkrum mínútum síðar hafa fest vélsleða sinn í Tungnaá og farið fótgangandi að þeim stað þar sem hann fannst látinn, en þar höfðu verið nokkrar bifreiðir sem hinum látna var kunnugt um. Frá þeim stað er vélsleði hins látna fannst og að þeim stað þar sem hann fannst örendur eru í beinni línu tæpir 6 km. Veður var slæmt á þessum tíma; vindasamt og rigning.

Læknir skoðaði lík hins látna um kl. 10:00 að morgni 15. janúar og taldi nokkuð öruggt að hann hafði verið látinn í a. m.k. 6 klst.

Börn hins látna gera kröfu til bóta úr fjölskyldutryggingu, þar sem um slys hafi verið að ræða.

Álit.

Hinn látni var tryggður með fjölskyldutryggingu hjá V. Í 1. mgr. 26. gr. tryggingarskilmálanna kemur fram að félagið greiði bætur vegna slyss, sem vátryggður verður fyrir, eftir reglum þeim, sem nánar greinir í skilmálunum. Þá kemur fram að með orðinu slys sé átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Í gögnum málsins kemur fram að hinn látni hafi orðið örendur 13 til 14 klukkustundum eftir að hann yfirgaf vélsleða sinn, þar sem hann var fastur í Tungnaá. Ljóst virðist því að hann hafi blotnað og kólnað smá saman sem leiddi að lokum til dauða hans. Því er ekki unnt að líta svo á andlátinu verði rakið til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. Þar af leiðandi er ekki um bótaskyldu að ræða skv. fjölskyldutryggingu hins látna.

Niðurstaða.

Tjón ekki bótaskyld skv. fjölskyldutryggingu hins látna.

Reykjavík 17. ágúst 2001

Jónína S. Lárusdóttir lögfr.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2001

**M og
Vátryggingafélagið V v/áb.tr. snyrtistofunnar S.**

Slys þegar kona féll á gólfi í snyrtistofu þ. 21.6. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.7.2001 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 441/01
3. Bréf V dags. 23.7.2001.
4. Tjónaskoðun 9.11.2000 ásamt ljósmynd.

Málsatvik.

M var á snyrtistofunni S og á leiðinni út rann hún í með þeim afleiðingum að hún bæði lær- og handleggsbrotnaði á vinstra fæti og hendi. Í lögregluskýrslu segir að ekki sé vitað hvort M rann til á mottu við útidyrhurð eða missté sig á þröskuldinum. M segist hafa runnið til á einni mottunni sem er á gólfi S. Starfsmaður S segir M hafa setið á stól frammi eftir hárgreiðslu og beðið eftir að verða sótt en staðið upp með þessum afleiðingum. Á gólfinu voru nokkuð þykkar strámottur og undir þeim net úr stömu gúmmiefni til að hindra að þær rygnu og segir í skýrslu um tjónsskoðun að stamningin hafi virkað vel og ekkert athugavert að sjá við gólf eða mottur. Lögmaður M segir að M hafi verið í andlitssnyrtingu og engin sönnun sé fyrir því að um sömu mottur og/eða undirlag hafi verið að ræða á S þegar tjónsskoðun fór fram og þegar M varð fyrir tjóni. Lögmaður M segir að á leiðinni út virðist M hafa runnið til á flísum og rekið tærnar í þykka strámottu og þar sem M sé frekar stírt í hreyfingum hafi hún dottið. Lögmaður M telur að flísar á gólfi S hafi verið flughálar og stór hætta á að fólk geti runnið og dottið og þá hafi mottur ekki dregið úr hættunni enda séu þær of þykkar og lipurt fólk geti auðveldlega rekið sig í og fallið hvað þá fólk sem er stírt í hreyfingum og á tíðum “hálf vankað” eftir andlitsböð. V segir sömu mottur á meðfylgjandi ljósmynd og þegar slysið varð og ekki þykkari en almennar dyramottur og flísar á gólfi hafi ekki verið öðru vísi eða hálli en gengur og gerist. V heldur því fram að slys M í umrætt sinn verði ekki rakið til vanbúnaðar eða vanrækslu og því ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til að aðbúnaður og frágangur á gólfi S hafi ekki verið með eðlilegum og viðunandi hætti. Þá liggur ekkert fyrir í málinu sem bent getur til vanrækslu starfsmanna S gagnvart M eða annar sem til þess er fallið að valda bótaábyrgð S í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 17.8.2001.

Jónína Lárusdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega

og ábyrgðartryggingar fyrir atvinnurekstur (v/Y).

Ágreiningur um bótaskyldu vegna bakmeiðsla.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.08. 2001.
2. Málskjöl merkt skv. skjalaskrá, nr. 1-34 þ. á m. lögregluskýrslur, bréfaskipti lögmanns M og vátryggingafélagsins, læknisvottorð og greinargerð lögmannsins til nefndarinnar.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2001.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 101/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa ítarlega um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta í þessari samantekt. Eftirfarandi skal þó getið.

M, starfsmaður Y, var í október 1998 að vinna við framkvæmdir við endurbætur á kirkju. Var starf hans og samstarfsmanns í því fólgið að festa stroffu á 100 kg. þungar líparítplötur til þess að hægt væri að hífa þær upp í kirkjuturninn. M kveðst hafa fengið hnykk á bakið með þeim afleiðingum að hann var frá vinnu og telur sig hafa orðið fyrir varanlegum skaða. Aðilum ber ekki saman um hvernig atvikið átti sér stað og ágreiningur er um greiðsluskyldu.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi. Slys hafi átt sér stað í merkingu skilmála og að skaðabótaskylda vinnuveitanda sé einnig fyrir hendi vegna þess að vinnuáðstæður hafi verið óforsvaranlegar. Verkstjórn hafi verið ábótavant og að slysið megi rekja til gáleysislegrar hegðunar starfsmanna fyrirtækisins. Í greinargerð gerir lögmaður M ítarlega grein fyrir afstöðu sinni þ. á m. varðandi sönnunaraðstöðu. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að ekki sé um vinnuslys að ræða í merkingu vátryggingaskilmála slysatryggingar. Það telur að bakmeiðsli M verði ekki rakin til untanaðkomandi atviks í merkingu skilmála, “þó fallast megi á að hann hafi fengið hnykk og tognað í baki við rangt átak eða vegna þunga hellunnar, með þeim afleiðingum að vinnugeta hans hafi skerst.” Það telur að fullyrðingar hans, um að samstarfsmaður hans hafi ýtt á helluna með þeim afleiðingum að hún hafi fallið út af brettinu, ósannaðar enda stöðfesti vitni ekki þá frágögn hans.

Vátryggingafélagið hafnar og skaðabótaskyldu vinnuveitanda (vátryggingataka). Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna, vanbúnaðar á vinnustað, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð. Félagið gerir og grein fyrir afstöðu sinni til sönnunaraðstöðu máls þessa. Er vísað til þeirrar umfjöllunar.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, þ. á m. frásögnum samstarfsmanna M, telur nefndin ósannað að meiðsl M verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna hans, vanbúnaðar á vinnustað, ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandi hans ber skaðabótaábyrgð á. Þá telur nefndin, miðað við fyrirliggjandi gögn, að

slys í merkingu vátryggingaskilmála hafi ekki átt sér stað. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingum.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingum.

Reykjavík 10. október 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 170/2001

**M v/bifreiðar sinnar (A)
og
Vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fyrirtækisins S.**

Tjón á bifreið þegar pallhýsi fauk á bifreiðina á Seyðisfirði þ. 15.5.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.8.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 585/01.
3. Lögregluskýrsla dags. 15.5.2001.
4. Skrá frá sjálfvirkri veðurathugunarstöð á Seyðisfirði 15.5.2001
5. Bréf vátryggingafélagsins V dags. 11.6. og 11.9.2001.
6. Tjónstilkynning dags. 23.5.2001.
7. Bréf vátryggingafélags A dags. 20.9.2001.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa þurft að stöðva A vegna mikillar blindu og skafrennings og þá hafi stórt hvítt stykki skolið á A og skemmt A og benti ökumaður A á stórt pallhýsi sem lá utan vegar sem hefði fokið á A. Í ljós kom að pallhýsið var í eigu S en forsvarsmaður þess sagðist nota það sem verkfærageymslu og hafa ekið um vinnusvæðið nokkru áður til að ganga frá lausum munum en ekki dottið í hug að pallhýsið gæti farið af stað en það hefði staðið þarna í rúm t. ár. M eigandi A krefst bóta út ábyrgðartryggingu S hjá V. V neitar bótaábyrgð og segir ofsaveður hafa verið í umrætt sinn. Þá sé ekki um vanrækslu eiganda að ræða því að veður hafi verið þvílíkt og af heimamönnum kallað Hrutafjallaveður og þarna sé um force majeure tilvik að ræða. Tryggingarfélag A telur tjón A bótaskyld.

Álit.

Þegar ofangreint óhapp átti sér stað var ofsaveður í hvössustu hrinum. Eigandi pallhýsisins getur um það að hann hafi gengið frá lausum munum nokkru áður en honum hafi ekki dottið í hug að pallhýsið mundi fjúka. Engar ráðstafanir voru því gerðar af hans hálfu varðandi pallhýsið. Fram kemur hjá V að veður eins og þau sem um var að ræða í umrætt sinn bresti á öðru hvoru á Seyðisfirði en veðurhæð sé þá mjög mikil í verstu hrinum. Með vísan til þess átti og mátti eiganda pallhýsisins að vera ljóst að hætta gæti verið á því að laust pallhýsi gæti fokið og bar honum því að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Þar sem að engar ráðstafanir voru gerðar af eiganda til að koma í veg fyrir að pallhýsið fyki verður sök lögð á eiganda pallhýsisins vegna tjóns M og á hann rétt á bótum um ábyrgðartryggingu S. hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 10.10. 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 171/2001

M ehf.

og

Vátryggingafélagið X v/ innbrotis- og rekstursstöðvunartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots þann 17.6.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.8.2001 ásamt fylgigögnum nr. 1-12.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 11.9.2001, ásamt fylgigögnum nr. 1-5.

Málsatvik.

Þann 17.6.2001 var tilkynnt um innbrot í húsnæði M að B götu 16, Reykjavík. Ýmsum munum var stolið, þ. á m. tveimur fartölvum.

M hafði keypt vátryggingu vegna starfsemi sinnar hjá X, þ. á m. lausafjár- og rekstursstöðvunartryggingu vegna bruna, vatns og innbrots. Í vátryggingarskírteini, dags. 6.7.2001, er staðsetning (vátryggingarstaður) vegna þessara tveggja vátrygginga tilgreind L gata 3. Ennfremur hafði verið keypt svonefnd víðtæk eignatrygging vegna fjögurra fartölva. Í skírteininu er staðsetning sögð vera hvar sem er.

Í lögregluskýrslu er aðstæðum á vettvangi lýst svo að húsnæðið saman standi af tveimur stórum herbergjum. Inn í annað sé stór bílhurð og sitt hvoru megin við bílhurðina séu tveir gluggar. Annar þeirra sé með opnanlegu fagi og hafi það verið opið. Búið hafi verið að skrúfa stormjarnið laust og skrúfurnar hafi legið fyrir utan húsið. Umræddur gluggi sé í tveggja metra hæð frá jörðu. Þá hafi mátt sjá að búið var að taka læsingu af bílhurðinni og hurðin hafi ekki verið að fullu lokuð.

X hefur hafnað bótum á þeim forsendum að hinir vátryggðu munir hafi verið annars staðar en á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini, þegar þeim var stolið. Ennfremur mun synjun X hafa byggst á því að frágangur glugga hafi verið óforsvaranlegur. Loks hefur félagið hafnað bótum vegna fartölvanna og bent í því sambandi á að þjófnaður á fartölvum, sem tryggðar séu í víðtækari eignatryggingu, sé ekki bættur, sbr. skilmála.

Álit.

Í málinu er ekki um það deilt að brotist var inn í húsakynni M að B götu 16 og munum stolið þaðan. Í vátryggingarskírteini er vátryggingarstaður á hinn bóginn sagður vera að L götu 3. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi tilkynnt um breytt aðsetur og þar með annan vátryggingarstað en L götu 3 áður en innbrotið var framið.

Í 17. gr. skilmála fyrir lausafjártryggingu X, sem m.a. hefur að geyma innbrotshjófnaðartryggingu, segir að vátryggingin nái aðeins til þess tjóns, sem verður á vátryggingarstað þeim, sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini. Fram hjá þessu skýlausa ákvæði verður ekki litið. Tjón sem varð við umrætt innbrot varð á öðrum stað en hinum tilgreinda vátryggingarstað samkvæmt vátryggingarskírteininu. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M, sem lausafjártryggingin tekur til, ekki bætt.

Eins og fyrr greinir gildir víðtæk eignatrygging, sem M hafði keypt vegna fartölvanna, hvar sem er. Samkvæmt 2. gr. skilmála fyrir vátryggingu þessa segir ennfremur að vátryggingin gildi hvar sem er, enda séu munir í vörslu vátryggðs. Í upphafsákvæði 3. gr. skilmálanna

segir að váttryggingin bæti tjón á hinu váttryggða af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu á váttryggingartímabilinu. Í e) lið sömu greinar segir að það sér skilyrði fyrir greiðslu bóta að eðlileg aðgát hafi verið viðhöfð. Þá segir í f) lið greinarinnar að váttryggingin bæti ekki tjón á munum sem stolið er úr ólæstum hífylum, bílum, bátum eða eru skildir eftir á almannafæri. Ekki verður séð að þjófnaður á fartölvum sé sérstaklega undanþeginn bótaskyldu samkvæmt skilmálunum. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið skiptir ekki máli um bótaskyldu vegna fartölvanna þótt þær hafi í umrætt sinn verði geymdar að B götu 16. Líta verður svo á að tölvurnar hafi verið þar í umsjá M og ekki hefur verið sýnt fram á annað en að við þá umsjá hafi eðlileg aðgát verið viðhöfð. Þá verður ekki talið samkvæmt málsgögnum að þeim hafi verið stolið úr ólæstum hífylum. Við svo búið verður að telja að tjón á fartölvum, sem stolið var, beri að bæta úr hinn víðtæku eignatryggingu.

Kröfur M, svo og rökstuðningur og málatilbúnaður, lúta ekki að því hvort M eigi rétt til bóta úr rekstursstöðvunartryggingu. Er því ekki tekin afstaða til bótaskyldu X úr þeirri váttryggingu.

Niðurstaða.

Tjón M ehf. telst ekki bótaskyldt að öðru leyti en því að tjón vegna þjófnaðar á fartölvum bætist úr víðtækari eignatryggingu.

Reykjavík, 10. október 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 177/2001

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/Gullkorthafatryggingar (ferða- og forfallatrygging)

Ágreiningur um bótaskyldu vegna forfallatryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.09. 2001, ásamt greinargerð.
2. Bréfaskrif milli málskotsaðilans og vátryggingafélagsins sem óþarft er að geta.
3. Upplýsingar um afstöðu trúnaðarlæknis félagsins.
4. Læknisvottorð dags. 14.05. 2001.
5. Kvittun vegna innborgunar á ferð.
6. Vátryggingaskilmálar.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 21.09. 2001.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 521/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Í febrúar 2001 pöntuðu málskotsaðilinn og sambýliskona hans, sér viku ferð hópferð til Ítalíu hjá ferðskrifstofu. Þau greiddu kr. 50.000 inn á ferðina með greiðslukorti (innifalin er því ferða- og forfallatrygging). Í lok apríl fengu þau staðfest að þau áttu von á tviburum eftir glasafrjógvun sem framkvæmd var í mars sl. Vegna þessa var staðfest af lækni að Auður væri ekki ferðafær vegna þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Afstaða félagsins kemur fram í nefndu bréfi þess til nefndarinnar og vísast til þeirrar umfjöllunar.

Málskotsaðilinn telur hins vegar bótaskyldu vera fyrir hendi og vísar til greinar 6.1.1. í skilmálum þar sem fram kemur að félagið bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur allt að tiltekinni fjárhæð, vegna ferðar sem hinn vátryggði kemst ekki í ef ástæða þess er (6.1.1.) andlát, líkamsmeiðsl, veikindi þuyngun, barnsburður o.s.frv. sbr. nánar ákvæðið. Málskotsaðilinn telur að tilurð þungunarinnar skipti ekki máli. Skilmálar geri engan greinarmun á því hvernig kona verði þunguð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt grein 6.1.1. vátryggingaskilmála forfallatryggingar. Samkvæmt nefndu ákvæði bætir félagið ferðakostnað ef ástæða forfalla má rekja til þungunar. Staðfest er að sambýliskona málskotsaðilans var þunguð og vegna þessa gátu þau ekki farið í umrædda ferð.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt forfallatryggingu þeirri sem hér um ræðir.

Reykjavík 10. október 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2001

M v/bifreiðar og Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

Ágreiningur um rétt til afnotamissis í kjölfar áreksturs bifreiða í júlí 2000.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 22.09. 2001.
2. Bréf M, dags. 20.09. 2000, til Neytendasamtakanna.
3. Afrit leigusamnings fyrir bílaleigubifreið.
4. Reikningar vegna viðgerðar og afrit mynda úr pöntunarlista fyrir varahluti.
5. Bréf frá Neytendasamtökunum til vátryggingafélagsins, dags. 26.09. 2000.
6. Bréf vátryggingafélagsins til Neytendasamtakanna, dags. 04.10. 2000.
7. Staðfesting frá bifreiðaumboði.
8. Tölvupóstur um niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 09.10. 2001, og afrit bréfs félagsins til tjónanefndar, dags. 04.12. 2000.
10. Niðurstaða Tjónanefnar vátryggingarfélaganna nr. 1297/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Ágreiningur aðila er um rétt til afnotamissis. Ekki er ágreiningur um tildrög umferðaróhapps eða málsatvik að öðru leyti, ágreiningurinn er um það hvort vátryggingafélagið skuli greiða tjónþolanum M bætur vegna afnotamissis bifreiðar hans allan þann tíma sem bifreiðin var á verkstæði. Mun viðgerðin hafa tekið samtals um 23 daga en skv. upplýsingum verkstæðisins var þar af 6 daga biðtími eftir varahlutum. Félagið telur sér óskyldt, gegn andmælum M, að greiða honum bætur vegna afnotamissis þessa 6 daga og að hann hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt. Félagið telur ósannað að tjónþoli hafi orðið fyrir "raunverulegu fjártjóni vegna afnotamissis" bifreiðarinnar. M lætur þess m.a. getið að hann hafi fengið frá vátryggingafélaginu bílaleigubifreið, á meðan á viðgerðinni stóð. Bifreiðin hafi verið í viðgerð í 23 daga og að hann hafi skilað bifreiðinni sama dag og viðgerð lauk. Nokkrum dögum síðar hafi hann fengið hringingu frá bílaleigunnu þar sem honum hafi var tjáð að vátryggingafélagið hafi ekki samþykkt að greiða fyrir bílaleigubifreiðina í 23 daga heldur eingöngu 17 daga. Hann hafi því þurft að greiða kr. 17.400 fyrir þessa 6 daga sem félagið neitaði að greiða fyrir. M er ósáttur við afgreiðslu félagsins.

Álit.

Í 3. mgr. 58. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, með síðari breytingum, er þess getið að vátryggingafélag skuli sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna hvornig M hafi verið upplýstur um réttarstöðu sína við töku bílaleigubifreiðar.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, telur nefndin að vátryggingafélagið eigi að greiða M bætur fyrir afnotamissi í þá 23 daga sem umrædd bifreið var í viðgerð. Biðtími eftir varahlutum í 6 daga er innan þess tíma sem telja verður eðlilegan og á ábyrgð vátryggingafélagsins. Með hliðsjón af framanrituðu á M rétt á bótum vegna afnotamissis fyrir þá 6 daga sem ágreiningur aðila er um.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu bóta fyrir afnotamissi í þá 6 daga sem aðilar hafa deilt um.

Reykjavík 30. október 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2001

M
og
Vátryggingafélagið V /v. frjálsrar ábyrgðartryggingar
orkuveitu (O)

Vatnstjón þegar heitavatsrör fór í sundur í bílskúr þ. 13.1.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.9. 2001. ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 442/01.
3. Bréf V dags. 24.4. og 10.10. 2001.
4. Tölvubréfasamskipti milli lögfr. V og starfsmanns O.
5. Greinargerð O dags. 24.4.2001.
6. Símbref frá starfsmanni O dags. 23.1.2001.ásamt álestrarskýrslu.
7. Bréf vaktmanns O dags. 15.1.2001.
8. Tjónstilkynning dags. 23.4.2001.

Málsatvik.

Heitavatsrör fór í sundur í bílskúr við hús með þeim afleiðingum að vatn fór um skúrinn og töluverð gufa. Í skúrnum var gríðarlega mikið af gömlum bókum sem skemmdust við þetta en bækurnar voru í hillum í skúrnum. M vissi ekki nákvæmlega um fjölda bókana en taldi að nokkur þúsund eintök hefði verið um að ræða og mikið verðmæti og það staðfesta ýmsir sem gefa yfirlýsingu í málinu. Iðntæknistofnun var fengin til að skoða síu í mælagrind þar sem húið utan um síuna hafði sprungið og var það talin vera orsök þess að heitavatsrörið fór í sundur. Niðurstaða Iðntæknistofnunar er sú að frost hafi valdið tjóninu þar sem að vatn hafi frosið inni í síunni en lítið vatn hafi runnið um hana. Fram kemur í álit Iðntæknistofnunar að ekki sé talið að þrýstingsskot í vatnskerfinu hafi valdið þessu. S (pípulagningarmeistari) skoðaði hitakerfið og telur ástæðu þess sem gerðist vera annað hvort að lokað hafi verið fyrir kerfið af mannavöldum eða einhversstaðar hafi leiðsla stíflast og rennsli stöðvast og telur S líklegustu orsökina vera að hemill í hitaveitugrind hafi stíflast og stöðvað rennsli inn á hitakerfið. Fram kemur frá O að lokað hafi verið fyrir heita vatnið af öðrum en O frá 30.ágúst 2000 og er lögð fram álestrarsaga því til sönnunar. Í greinargerð O kemur fram það álit að eigandi bílskúrsins beri sjálfur ábyrgð á tjóninu og vísar O í því sambandi til 9.gr. reglugerðar O þar sem segir að viðskiptavinir skuli gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inntaki og viðskiptavinur skuli tryggja nægjanlegt rennsli til þess en þessa hafi M ekki gætt. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V og vísar til skýrslu S og segist engin tók hafa átt á að fylgjast með þessu eða koma í veg fyrir það og því verði sér ekki um kennt. Þá telur M einsýnt að O beri ábyrgð á búnaði sínum einkum og sér í lagi innsigliðum hemli. V hafnar bótaábyrgð þar sem ósannað sé að tjónið verði rakið til sakar starfsmanna O eða atvika eða aðstæðna sem O beri skaðabótaábyrgð á. V bendir á að í umræddum bílskúr sé sérstök hitaveita og ekkert heitt vatn hafi farið í gegn um mælinn frá 30. ágúst 2000 annað hvort vegna þess að M hafi lokað fyrir rennslið eða stífla myndast af einhverjum orsökum. V vitnar í 9.gr. reglugerðar O sem vísað er til hér að framan. Þá vísar V einnig í 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar þar sem O undanþiggur sig að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð heimila bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til frostst bilana o.s.frv. og telur V að O hafi því með lögætum hætti undanþegið sig bótaábyrgð vegna tjónsins.

Álit.

Fyrir liggur að ekkert heitavatsrennsli var inn í bískúrinn frá því í lok ágúst 2000 en umrætt tjón verður í janúar og bílskúrinn hefur því verið án hita í rúma fjóra mánuði. Í yfirlýsingum sem M leggur fram frá þrem nafngreindum einstaklingum kemur fram að þeir hafi allir komið í bílskúrinn eftir 30. ágúst þ.e. um veturinn áður en óhappið varð og engin þeirra segist hafa orðið var við kulda og tveir fullyrða að þeir hafi tekið á ofni og fundið að hann var volgur. Þessar staðhæfingur samræmast ekki álestrarsögu um heitavatsnotkun fyrir bílskúrinn. Fyrir liggur að M og fleiri komu í skúrinn ítrekað frá því að heitavatsrennsli inn á hitaveitukerfið í skúrnum hætti og þar til að óhappið varð og ætla má að M hafi getað gert sér grein fyrir að hitakerfið var ekki fullnægjandi allavega ekki til geymslu viðkvæmra hluta eins og bóka nokkru áður en óhappið varð hvað svo sem líður yfirlýsingum um að ofnar hafi verið volgir. Ekki liggur fyrir í málinu sönnun um atvik eða atriði sem leiðir til skaðabótaskyldu O eða starfsmanna O á ofangreindu óhappi og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 30.10.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2001

**M
og**

vátryggingafélagið X v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar verktaka.

Tjón á kæli- og frystivörum í matvöruverlsun vegna rofs á vatnsleiðslu þann 15.9.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.10.2001 ásamt fylgigögnum nr. 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 27.10.2001 ásamt fylgigögnum nr. 1-16.

Málsatvik.

Þann 15.9.2000 var af hálfu verktakans A unnið við að bora í jörðina á bifreiðastæði í Reykjavík til að koma þar fyrir ljósleiðara. Í umræddu húsi er matvöruverlsun í eigu M. Sérstök borvél, sem notuð var til verksins, var staðsett um 50 m norðan megin við tiltekið hús C og átti að bora til suðurs þvert undir bifreiðastæðið á um 2,20 m dýpi. Við borframkvæmdirnar skaddaðist aðalvatnsæðin í hverfinu og að verslunarkjarna, þar sem verslun M er. Þegar vatnsæðin fór í sundur urðu kæli- og frystitæki í verlsun M óvirk og skemmdir urðu á matvöru sem í þeim voru. M hefur krafist bóta úr hendi A, en því hefur verið hafnað af hálfu X, tryggingafélags A.

Starfsmenn A kváðust hafa aflað sér upplýsinga, þ.m.t. allra teikninga um þær lagnir sem áttu að vera á svæðinu, m.a. fyrrgreinda vatnslögn, en dýptarteikningar hafi ekki fylgt. Tilgreindur verkstjóri hjá Vatnsveitu Reykjavíkur hafi skýrt frá því að lögnin lægi grunnt eða á 120 cm dýpi. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um lagnadýpi liggja lagnir dreifikerfis vatnsveitu OR á mismunandi dýpi. Tvær meginvinnureglur séu hafðar til hlíðsjónar, þegar vatnslagnir eru lagðar í jörð: Annars vegar að leggja á frostfrítt dýpi og sé þá oft miðað við að minnst 120 cm jarðvegsþekja sé ofan á lögninni. Hins vegar að vatnslögnin sé ofar en fráveitulögnin sem lögð sé í sama skurð. Eftir að lagnir eru lagðar geti yfirborð lagnastæðisins breyst. Af hálfu B, aðalverktaka við lagningu ljósleiðarans, var mælt fyrir um að borað skyldi á tveggja metra dýpi.

Borunin undir vatnslögnina mun hafa gengið áfallalaust. Er borað hafði verið um 40 m og komið var að byggingu C mun borinn hafa lent í einhvers konar tengihúsi eða brunni, sem ekki var vitað um og kom ekki fram á teikningum. Skömmu síðar var ákveðið að draga borinn til baka. Var í því skyni grafið niður í tengihúsið, þar sem skipt var um borkrónu og fest við hann 50 mm plaströr til að draga í gegnum holuna sem hafði verið boruð. Jafnframt var settur svokallaður "rýmari" á borinn til að víkka holuna um 5-10 cm svo unnt væri að koma plaströrinu í gegn án togálags. Þegar borinn kom að vatnslögninni með plaströrið í eftirdragi, mun hann hafa lent í henni þannig að hún skaddaðist. Sennilegt er að kast hafi komið á borstangirnar, er borinn fór í gegnum tengihúsið þannig að hann hafi ekki elt fyrri holu á leiðinni til baka með þeim afleiðingum að hann lenti í vatnslögninni.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki annað ráðið en starfsmenn A hafi reynt að afla allra tiltækra upplýsinga um legu lagna í jörðu á fyrirhuguðu borsvæði, þ. á m. um vatnslögn þá sem fór í sundur og mál þetta er sprottið af. Ekki tókst að afla upplýsinga um nákvæma dýpt lagnarinnar. Af almennum upplýsingum og vitneskju um dýpt slíkra lagna mátti gera ráð fyrir að lögnin væri á um 1,2 m dýpi. Engu að síður var afráðið að bora á rúmlega 2ja m dýpi til að fyrirbyggja að lögnin yrði fyrir skaða. Óhappið varð engu að síður.

Verður ekki séð af gögnum málsins að það megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A. Þá verður A heldur ekki á öðrum grundvelli talin bera bótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna óhappsins. Verður A því ekki talin bera skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

A ber ekki ábyrgð á tjóni M.

Reykjavík, 13. nóvember 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2001

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 28.11. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.10. 2001.
2. Bréf lögmanns tjónþola til Tjónanefndar, dags. 09.07. 2001.
3. Tölvupóstur til vátryggingafélagsins frá lögmanni tjónþola, dags. 16.09. 2001 og 06.04. 2001.
4. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola, dags. 05.10. 2001 og 14.06. 2001.
5. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar, dags. 13.04. 2001.
6. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola, dags. 19.03. 2001.
7. Yfirlýsing vinnufélaga tjónþola, dags. 08.03. 2001.
8. Svarebref vinnuveitanda tjónþola, dags. 08.03. 2001.
9. Afrit vinnuseðla.
10. Bréf til vinnuveitanda tjónþola, dags. 27.02. 2001.
11. Tilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 26.06. 2000.
12. Tjónstilkynning móttekin 22.12. 2000.
13. Tölvupóstur.
14. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar, dags. 03.11. 2001 þar sem hjálaga fylgdi afrit af tölvupósti til lögmanns tjónþola, dags. 27.09. 2001, símbref lögmannsins til félagsins, dags. 03.09. 2001, bréf lögmannsins til Tjónanefndar, dags. 09.07. 2001 og bréf félagsins til Tjónanefndar, dags. 23.04. 2001.
15. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 820/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta í þessari samantekt. Ágreiningur aðila er um hvort bótaskylda sé fyrir hendi. Tjónþoli varð fyrir slysi við störf sín hjá vátryggingartaka í iðnaðarhúsnæði, sem áður var notað sem fóðurgeymsla. Hafði vátryggingartaki skömmu áður keypt húsnæðið og stóð til að breyta því og taka undir starfsemi hans. Var tjónþola m.a. falið að hlaða hleðslusteini upp í op milli rýma í húsnæðinu. Hann tók gamla vinnutröppu sem þarna var, til þess að ljúka verkinu og reisti hana upp. Kveður hann að trappan hafi gefið sig og fallið á hliðina, með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll úr þriðju tröppu á gólfið og slasast í baki. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna tjónþola, ófullnægjandi aðbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Telur félagið að um óhappatilvik hafi verið að ræða eða aðgæsluleysi tjónþola. Félagið vísar m.a. til þess að tjónþoli er faglærður múrari og “þaulvanur starfsmaður með 25 ára starfsreynslu.” Tjónþoli telur að bótaábyrgð sé fyrir hendi. Umrædd trappa hafi verið eina trappan á staðnum. Honum hafi verið falið umrætt verk og hann notaði þau verkfæri sem voru á staðnum. Hann telur að vinnuveitandinn (vátryggingartakinn) sé skaðabótaskyldur gagnvart starfsmönnum sínum vegna ófullnægjandi aðbúnaðar og vanbúinna áhalda sem þeim eru látin í té til notkunar við vinnu. Vísað er til umfjöllunar lögmanns tjónþola. Þá umfjöllun er óþarft að geta.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru meiðsl tjónþola ekki bótaskyld úr þeirri váttryggingu sem hér um ræðir. Ósannað er að tjónið verði rakið til saknæmrrar hegðunar starfsmanna váttryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem váttryggingartaki ber ábyrgð á. Meiðsl tjónþola verða rakin til óhappatílvíks og aðgæsluleysis tjónþola sjálfs.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. nóvember 2001

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2001

M

og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar R

Slys þegar starfsmaður var að hreinsa klaka úr tröppum þ. 11.1.2001..

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.25.10. 2001.ásamt fskj. 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 937/01.
3. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 11.11.2001 ásamt fskj. 1-11.
4. Bréf lögmanns M dags. 12.11.2001.

Málsatvik.

M starfsmaður leikskóla sem R rekur var að hreinsa klaka af steinsteypum tröppum á svæðinu með skóflu og heitu vatni. M var klædd leðurskóm með grófum botni. Til að fjarlægja klakann fór M upp í efstu tröppu og hellti vatni niður tröppurnar. Þegar M ætlaði að fara niður að sækja meira vatn datt hún úr efsta þrepi og lenti á bakinu og slengdi hnakkanum í tröppurnar. Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við tröppurnar í skýrslu dags. 28.6.2000 og bendir á að setja skuli handrið á tröppur í samræmi við byggingareglugerð og lagfæra niðurstig þar sem það sé of hátt eins og það sé núna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V og bendir á að umrætt starfsumhverfi sé ekki í samræmi við lög og reglur m.a. vegna þess að ekki sé handrið við tröppurnar en slíkt sé brot á 41.gr. reglna nr. 581/1995 um vinnustaði. Þá er einnig bent á gr. 202.10 í byggingareglugerð nr. 441/1998 þar sem segir “Á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skal ávallt vera handrið báðum megin.” og gr. 202.14 í sömu reglugerð þar sem segir “ Handrið skal að jafnaði setja báðum megin á útidyratröppum.“ Af hálfu M er því haldið fram að húseigandi R beri ábyrgð á því að húseign sé hættalaus. V hafnar bótaskyldu þar sem að ekki sé sannað að slysið verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna R, ófullnægjandi aðstæðna á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna. Þá telur V orsakatengsl ósönnuð milli slyssins og meints vanbúnaðar á tröppunum. Þá bendir V á að M hafi borið að beita öðrum aðferðum við klakahreinsun en þeim sem hún beitti.

Álit.

Skv. byggingareglugerð nr. 441/1998 gr. 2.2 gildir reglugerðin um hvers konar byggingar og mannvirki ofan jarðar og neðan og m.a. um gróður á lóðum og frágang lóða. Í gr. 2.5. í byggingareglugerðinni er tekið fram að ákvæði reglugerðarinnar séu lágmarksákvæði. Skv. gr. 202.10 segir að á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skuli vera handrið báðum megin en í ákvæðinu er kveðið á um að tröppur með einfaldri gangbreidd sem liggja að vegg megi vera eitt handrið. Í gr. 202.14 segir síðan að handrið skuli jafnan setja báðum megin á útidyratröppum, kjallaratröppum og öðrum tröppum í aðkomuleiðum að húsum. Ljóst er að þær tröppur sem hér ræðir um fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru í byggingareglugerð og ber R fulla ábyrgð á því. Hefðu umræddar steintröppur verið í samræmi við byggingareglugerð má ætla að M hefði náð að koma í veg fyrir slysið eða draga verulega úr afleiðingum þess. R ber ábyrgð á því að umræddar tröppur eru ekki í samræmi við lágmarksreglur og ber því skaðabótaábyrgð á tjóni M. Til þess ber að líta að M þekkti aðstæður vel og þykir ekki hafa gætt ítrustu varkárni við framkvæmd verksins og rétt þykir því að hún beri 1/3 tjónsins vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V vegna tjóns sína að 2/3 en ber 1/3 tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 5.12. 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ farangurstryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr farangurstryggingu vegna þjófnaðar í borðsal hótels.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.10.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur.
4. Tjónsannáll.
5. Bréf X dags. 20.11.2001 ásamt skilmálum og rissmynd af borðsalnum.

Málsatvik.

Þann 26. ágúst 2001 var M ásamt eiginkonu sinni, K, stödd í borðsal hótels í bænum Torrevieja á Spáni til að fá sér morgunmat af hlaðborði. Þau höfðu fengið sér sæti við borð næst hlaðborðinu. Mjög fáir voru í borðsalnum, nokkrar danskar konur og tveir karlmenn sem sátu við borð fjærst borði M og K. K hafði lagt veski sitt, sem hafði að geyma ýmsa muni, frá sér í stól við borðið. Bak stólsins var mjög hátt þannig að veskið blasti ekki við. Stóð M fyrst upp frá borðinu til að ná sér í brauð og stuttu síðar fór K til að ná sér í glas af appelsínusafa. Er þau komu að borðinu “augnabliki” síðar var veskið horfið. Er þau uppgötva hvarfið voru karlmennirnir horfnir og sást til þeirra á hlaupum út úr hótelinu og upp í bíl sem var ekið á mikilli ferð frá hótelinu.

Krafist var bóta úr farangurstryggingu M og K. Bótum var hins vegar hafnað með vísan til gr. 4.8. í skilmálum sem gildi um farangurstryggingu erlendis. Samkvæmt þeirri grein bætir vátryggingin ekki tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum, svo og hlutum sem skildir eru eftir, gleymast eða misleggjast á almannafæri, t.d. afgreiðslum flutningsaðila, baðströndum, tjaldstæðum, almennum snyrtiherbergjum o.s.frv.

Álit.

Lögregluskýrslur, sem liggja fyrir í málinu, eru á spönsku. Ekki er vitað hvert efni þeirra er. Af gögnum málsins verður ekki séð að aðgangur fólks hafi verið takmarkaður í borðsalinn, þar sem M og K voru stödd, er veskinu var stolið. Gestir hótelsins og aðrir utanaðkomandi hafi því átt greiða leið um salinn. Verður samkvæmt þessu að líta svo á að veskið hafi verið skilið eftir á almannafæri þannig að tjónið fæst ekki bætt samkvæmt fyrrgreindri grein 4.8. í þeim vátryggingarskilmálum sem um vátrygginguna gilda.

Niðurstaða.

Tjón M og eiginkonu hans bætist ekki.

Reykjavík, 5. desember 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar atvinnurekanda.

Vinnuslys á byggingasvæði við Smáratorg í Kópavogi þann 14.11.1997.

Gögn.

1. Málskot móttakið 31.10.2001 ásamt fylgiskjölum nr. 1-18.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 16.11.2001, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

Málsatvik.

Þann 14.11.1997 starfaði M sem undirverktaki hjá byggingarverktakanum A við smíði á þaki Smáratorgs í Kópavogi. Fór M, sem er húsasmiður að mennt, fyrir hópi smíða, er unnu við smíði þaksins. Á vinnusvæðinu við bygginguna voru skurðir og uppgröftur vegna framkvæmda á vegum jarðvinnuverktaka og pípulagningamanna. Verkamenn í starfi hjá A unnu við að rýma svæðið vegna framkvæmda þar. Þ. á m. þurfti að bera af svæðinu límtrésbíta sem var um 12 m á lengd og 369 kg að þyngd. Fjórir til fimm menn báru bitann, en átta í vandræðum með burðinn. Bar þá M að og tók undir bitann fremst. Þá gerðist það að þeir sem aftar voru sliguðust undan byrðinni og fékk M högg á hægri öxl. Hlaut hann áverka á öxlinni og í baki.

Fyrirsvarsmáður A kvaðst hafa fyrirskipað 4 til 5 verkamönnum að bera bitann af svæðinu, þar sem krana eða öðrum tækjum hafi ekki verið komið að bitanum til að flytja hann á brott. Bitinn hafi verið fluttur á svæðið með tæki. Fyrirsvarsmáðurinn kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hversu þungur bitinn var og eftir á að hyggja hefði þurft fleiri til að bera hann. Burðurinn hafi verið erfiður og vinnusvæðið hafi verið mjög erfitt yfirferðar. Þrýstingur hafi verið frá verktökum, sem voru að vinna á vinnusvæðinu, um hreinsun þess. Hafi M komið að burðarmönnum og veitt þeim hjálparhönd með því að fara undir bitann fremst.

Einn verkamannanna, sem vann við burðinn, kvað fyrirvarsmann A hafa skipað 4 eða 5 mönnum að bera bitann. Hann hafi mótmælt því og sagt að það þyrfti fleiri menn til að bera bitann vegna þyngdar hans, en fyrirvarsmáðurinn hafi ekki sinnt því og skipað þeim að halda áfram með verkið. Hafi þeir átt í mesta basli með burðinn, en það hafi verið nokkur vegalengd sem þeir hafi þurft að bera bitann. Þá hafi M komið að og séð að þeir réðu ekki við bitann. Hafi hann farið undir bitann fremst. Þeir sem aftar voru hafi hins vegar sligast undan byrðinni og misst bitann. Þar sem M hafi verið fremstur, hafi hann ekki séð hvað gerðist og fengið talsvert högg á öxlina. Hafi hann kýlst niður undan þunganum.

M hefur krafist bóta úr hendi A. Ábyrgðartryggjandi A hefur hafnað bótaskyldu, þar sem slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika sem bakað geti A skaðabótaábyrgð.

Álit.

Þegar litið er til þess hvernig fyrirvarsmáður A hefur lýst aðdraganda þess að umræddur límtrésbíti var borinn út af vinnusvæðinu, var að verkinu staðið með ófullnægjandi hætti. Að verkinu komu allt of fáir menn og verður það rakið til þess að fyrirvarsmáðurinn vanmat þyngd bitans og hversu erfiður hann var í meðförum miðað við aðstæður. Vanmat í þessum efnum verður að virða fyrirvarsmanninum til sakar. Þá verður að telja að orsök þess að mennirnir sliguðust undan þunganum og misstu bitann sé fyrst og fremst það hversu fáir voru

við burðinn. Slysið, sem M varð fyrir, verður því rakið til saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanns A. Ber A því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Þótt M hafi hlaupið undir bagga með burðarmönnunum verður ekki talið að hann hafi mátt búast við að fá bitann ofan á öxlina af þeim þunga sem raunin var. Eru ekki næg efni til að leggja á hann sök vegna slyssins.

Niðurstaða.

A ber óskerta bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 5. desember 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.